

**Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2013**

## **Lestraránægja**

**Áhrifaþættir ánægjulegrar upplifunar af lestri**

**Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir  
Lokaverkefni**

**Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2013**

## **Lestraránægja**

**Áhrifaþættir ánægjulegrar upplifunar af lestri**

**Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir  
Leiðsögukenndari: Guðmundur Engilbertsson  
Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs**

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

---

Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Guðmundur Engilbertsson

## Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í kennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á áhrifaþætti í ánægjulegri upplifun af lestri og koma auga á leiðir til að hvetja til aukins lesturs og efla áhuga.

Fræðilegur hluti ritgerðarinnar er byggður á rannsóknum og fræðigreinum sem gefa til kynna áhrifaþætti í lestraránægju. Lestur er vitsmunalegt ferli og því er lestrarupplifun einstaklingsbundin. Lesskilningur er ein grundvallarforsenda ánægjulegrar upplifunar af lestri en skilningur á texta gerir lesanda kleift að lifa sig inn í efnið og draga ályktanir. Í ritgerðinni er fjallað um þætti sem hafa áhrif á lesskilning og greint frá lesskilningsaðferðum. Í rannsóknum á lestrarvenjum barna er komið inn á kynjamun í lesskilningi, áhuga á lestri og misjafnar lestrarvenjur en drengir standa stúlkum ekki jafnfætis hvað þessa þætti varðar. Afgerandi niðurstaða rannsókna á lestrarvenjum koma inn á mikilvægi þess að tengja lestur áhugasviði lesenda. Áhugahvöt getur virkað sem drifkraftur á lestur og eykur lestraránægju. Niðurstöður benda jafnframt til að mæta þurfi ólíkum þörfum og löngunum í tengslum við form lestrarefnis. Lestur er ekki aðeins bundinn við bóklestur hann nær til allra forma lestrarefnis og er ávallt af hinu góða. Félagsleg samskipti hafa mikið að segja í lestraránægju, félagsleg áhrif koma fram þegar börn ræða sín á milli og við lestrarfyrirmyndir sínar.

Unninn er hugmyndabanki sem byggir á fræðilega hluta ritgerðarinnar en markmið hans er að benda á leiðir til að efla áhuga á lestri og hjálpa nemendum að upplifa lestur sem áhuga- og eftirsóknarverða iðju.

## Abstract

This thesis is submitted for a B.Ed. degree in pedagogy at the University of Akureyri. The purpose of this thesis is to identify influential factors in the enjoyment of reading, and to find ways to encourage additional reading and enhance enthusiasm.

The theoretic part of the thesis is based on researches and treatises that indicate influential factors in the enjoyment of reading. Reading is an intellectual process and therefore reading experiences are personal. Reading comprehension is a foundation for an enjoyable experience of reading, but understanding text enables the reader to perceive the subject and conclude. The thesis discusses factors that affect reading comprehension and reading comprehension strategies are discussed. Researches of children's reading habits touch on a difference in gender, reading enthusiasm and difference in reading habits but boys do not stand equal to girls regarding these aspects. A decisive conclusion from researches of reading habits point to the importance of associate reading with the reader's interests. Motivation can work as a driving force on reading and enhances reading enjoyment. Findings also indicate that diverse needs have to be met in regards to reading material. Reading isn't only confined to book reading; it extends to all types of reading material and is always beneficial. Social interaction is a big factor in reading enjoyment, social influences surface when children converse between themselves and with their reading role models.

Ideas based on the theoretic part of the thesis are listed with the objective to point to ways to increase reading enthusiasm and help students perceive reading as an interesting and desirable pastime.

## **Þakkarorð**

Ég vil byrja á því að þakka fjórum ungum drengjum sem eru innblástur minn í þessu verkefni, það eru synir mínir fjórir þeir Hlynur, Eiður Helgi, Freyr og Björgvin Gunnar Héðinssynir. Ég vil þakka leiðsagnarkennara mínum Guðmundi Engilbertssyni fyrir góð ráð og áhuga á viðfangsefninu. Guðlaugu Hörpu Gunnarsdóttur yfirlesara og vinkonu þakka ég fyrir hjálpina. Nínu frænku þakka ég fyrir hvatningu, orðsnilld og yfirlestur. Rúnari Sigbórssyni og Ingibjörgu Auðunsdóttur þakka ég fyrir að veita mér leyfi til þess að vitna í kafla Ingibjargar í óútgefnu riti Rúnars. Að lokum vil ég þakka manninum mínum honum Héðni Þór Gunnarssyni fyrir að vera eins og hann er saman myndum við og strákarnir okkar öflugt lið.

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Lestur og lesskilningur</b> .....	<b>5</b>
2.1	Undirstöðuþættir lesskilnings .....	6
2.2	Lesskilningsaðferðir .....	7
2.3	Uppeldisaðstæður og aðrir áhrifaþættir lesskilnings .....	8
<b>3</b>	<b>Rannsóknir á lestrarvenjum barna</b> .....	<b>9</b>
3.1	Lestur og tölvunotkun.....	10
3.2	Barnabókmenntir í kennslu.....	11
3.3	Kynjamunur í lestrarvenjum og lesskilningi .....	11
3.4	Kynjamunur og námsáhugi.....	13
3.5	Samantekt .....	14
<b>4</b>	<b>Áhugahvöt og lestur</b> .....	<b>14</b>
4.1	Innri áhugahvöt.....	15
4.2	Ytri áhugahvöt .....	15
4.3	Áhugi á lestri .....	16
4.3.1	<i>Áhugahvöt og lestrarvenjur drengja</i> .....	16
4.4	Lestrarfyrirmyndir .....	18
4.5	Samantekt .....	20
<b>5</b>	<b>Yndislestur</b> .....	<b>20</b>
5.1	Árangursríkur yndislestur samkvæmt Pilgreen .....	21
5.2	R5 - Yndislestur.....	22
<b>6</b>	<b>Hugmyndabanki</b> .....	<b>23</b>
6.1	Samvinnunám .....	24
6.1.1	<i>Bókaklúbbur</i> .....	25
6.2	Áhugahvöt og viðhorf.....	26
6.2.1	<i>Viðhorfskönnun</i> .....	26
6.2.2	<i>Áhugasviðskönnun</i> .....	27
6.3	Áhugavakning á lestri í kennslu .....	27
6.3.1	<i>Upplestur kennara</i> .....	27
6.3.2	<i>Umræður í skólastofunni</i> .....	28
6.3.3	<i>Málefni liðandi stundar tengd við lestur</i> .....	28
6.4	Bókadagar á skóladagatalinu .....	29

6.5	Foreldrasamstarf í yndislestri .....	29
6.5.1	<i>Foreldrafundur</i> .....	29
6.5.2	<i>Forþekking</i> .....	30
6.5.3	<i>Lestrarfyrirmyndir</i> .....	30
6.5.4	<i>Áhugahvöt</i> .....	31
6.5.5	<i>Bókaklúbbur fjölskyldunnar</i> .....	31
6.5.6	<i>Bekkjarsíða um barna- og unglingabækur og aðrir tenglar</i> .....	32
<b>7</b>	<b>Umræða</b> .....	<b>32</b>
7.1	Um lestur .....	33
7.2	Lesskilningur .....	33
7.3	Kynjamunur í lestri .....	34
7.4	Nemendur á mið og elsta stigi grunnskóla .....	35
7.5	Tölvunotkun og sjálfstraust .....	36
7.6	Áhugahvöt og lestrarvenjur .....	38
7.7	Lestrarfyrirmyndir .....	39
7.8	Yndislestur.....	40
<b>8</b>	<b>Heimildir</b> .....	<b>42</b>
<b>9</b>	<b>Fylgiskjal 1</b> .....	<b>47</b>
9.1	Viðhorfskönnun .....	47
<b>10</b>	<b>Fylgiskjal 2</b> .....	<b>48</b>
10.1	Áhugasviðskönnun .....	48

## 1 Inngangur

Það er áhyggjuefni að til eru þeir sem ekki virðast njóta þess að lesa og mig langar til að átta mig á hvað veldur og komast að áhrifaríkum leiðum til þess að efla virkni og áhuga á lestri. Markmið ritgerðarinnar mótast af því, en það er *að varpa ljósi á áhrifaþætti í ánægjulegri upplifun af lestri og koma auga á leiðir til að hvetja til aukins lesturs og efla áhuga.*

Ákvað ég að taka fyrir viðfangsefnið lestur og hvernig vekja megi áhuga og virkni í lestri því sjálf átti ég erfitt með að einbeita mér að lestri alla mína grunnskólatíð. Þegar ég var 15 ára hafði ég lokið við eina bók sem ég valdi sjálf, *Pollyanna* en boðskapur hennar náði til mín og ég hugsa til hennar enn þann dag í dag með bros á vör. Nú er ég móðir fjögurra drengja og tilvonandi kennari og vil gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að halda lestri að börnum og veita þeim tækifæri til að njóta sín við lesturinn.

Góð bók í notalegu umhverfi veitir mörgum lífsfyllingu. Það getur verið dásamleg tilfinning að sökkva sér í heim lestrar þar sem hugurinn skapar leiksviðið. Lesandinn nýtir þekkingu sína til þess að sækja upplýsingar úr textanum og vinna úr honum. Áhugi lesandans gefur lestrinum gildi og veitir honum ánægju og yndi og það er eftirsóknarvert fyrir hvert mansbarn að búa yfir nægri þekkingu og áhuga til að upplifa það. Það er í verkahring foreldra og annarra umönnunaraðila að stuðla að lestrarhvetjandi umhverfi og athöfnum. Lestur fyrir börn, umræða um lestur og sýnilegur áhugi innan veggja heimilisins getur meðal annars haft jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til lesturs.

Fræðilegur hluti ritgerðarinnar er byggður á fjölda rannsókna og fræðigreina sem varpa ljósi á áhrifaþætti lesturs. Í upphafi er fjallað um læsi í tengslum við lestur og ritun og greint frá lestri sem vitsmunalegu ferli. Til þess að lesandi njóti lesturs þarf hann að skilja merkingu textans, lesskilningur hefur því mikilvægu hlutverki að gegna og getur haft veruleg áhrif á ánægjulega upplifun á lestri.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar er vikið að undirstöðupáttum lesskilnings og greint frá því sem hefur áhrif á hann en greind, málfærni, reynsla, forþekking og uppeldisaðstæður eru meðal áhrifaþátta lesskilnings. Í öðrum kafla ritgerðarinnar er greint frá rannsóknum sem lúta að lestrarvenjum barna, niðurstöður þeirra eru mikilvægar þegar leitað er leiða til að efla virkni og áhuga á lestri. Undanfarin ár hafa sjónir beinst að lestrarvenjum drengja en þeir hafa sýnt lakari lesskilning og lesa minna en stúlkur. Í kaflanum koma fram áhrifaþættir á virkni og ánægjulega upplifun af lestri meðal barna, kennsluhættir, lestrarefni, notkun barnabóka í kennslu og áhugahvöt eru þar meðal áhrifavalda. Í þriðja kafla er fjallað um áhugahvöt, hugtakið er skilgreint og fjallað um tvær misjafnar gerðir áhugahvatar. Áhugi og jákvætt viðhorf getur haft góð áhrif á árangur í lestri. Því er fjallað sérstaklega um áhugahvöt drengja



til þess að átta sig betur á hvort munur á lestrarvenjum kynjanna geti legið í ólíkri áhugahvöt. Félagslegra áhrifa getur gætt í tengslum við áhuga á lestri sem tengist meðal annars lestrarfyrirmyndum barna en um þær er rætt í fjórða kafla. Í fimmta kafla er fjallað um yndislestur í kennslu og greint frá árangursríkum aðferðum Janice Pilgreen. Einnig er greint frá útfærslu á yndislestraráætlun sem kallast *R5* en sú áætlun gengur að miklu leyti út á notalega lestrarstund og félagsleg samskipti meðal nemenda um lestrarefni. Að lokum lagður fram hugmyndabanki sem byggir á þáttum sem komu fram í fræðilegum hluta ritgerðarinnar. Markmið hugmyndabankans er að benda á leiðir til að auka virkni og áhuga barna á lestri.

Þeir sem koma að uppeldi barna þurfa að leggja hönd á plóg í því samfélagslega vandamáli að lestrariðju barna sé ábótavant.

Vitna ég í orð Magnúsar Helgasonar sem var fyrsti skólastjóri kennaraskólans við Laufásveg. „Allir menn vita að börn þurfa langan tíma til að læra að lesa, því að lestur er íþrótt sem heimtar mikla æfingu; hún verður ekki list, nema hún sé leikin“ (Magnús Helgason, 1934, bls. 154).

## 2 Lestur og lesskilningur

Orðið *læsi* (e. literacy) merkir samkvæmt *Íslenskri orðabók* „lestrarkunnátta, það að kunna að lesa“ (Mörður Árnason, 2002, bls. 944). Til þess að átta sig betur á hvað býr að baki orðsins skal litið til þess sem fram kemur í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) þar er litið á læsi í víðu samhengi og segir „Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi“ (Menntamálaráðuneytið, 2011, bls. 16). Þegar fjallað er um læsi í tengslum við lestur beinist merking orðanna *sköpun merkingar á sér aldrei stað í tómarúmi* að því að lesandi byggir lesskilning sinn á því sem hann veit fyrir. Í því sambandi er talað um forþekkingu, fyrri þekking er því mikilvægur þáttur í lestrarferlinu en skilningur á því sem lesið er, er forsenda þess að lesturinn veiti gagn og gaman.

Hugtakið læsi nær bæði til lesturs og ritunar og er hvort tveggja nefnt sem tvær megin stoðir læsis. Að kenna lestur og ritun samhliða væri ákjósanlegt því færni í lestri og ritun er nátengd og styður hvort annað (Guðmundur B. Kristmundsson, 2009, bls. 150). Lestur og ritun er þó meira en að geta skrifað og náð ákveðnum leshraða. Guðmundur B. Kristmundsson (2010, bls. 9) bendir á að fleira búi að baki eins og að lesandi njóti lesturs allt frá fyrstu tíð. Forþekking ásamt vald nemenda á málinu og textagerð veitir tækifæri til að kafa í textann, sjá tilgang og tengsl milli orsaka og afleiðinga. Leggja þarf áherslu á að hjálpa nemendum að nýta forþekkingu sína og reynslu við að leggja mat á gæði og tilgang efnisins. Það hjálpar þeim við að leita eftir efni sem byggir á áhuga þeirra og þörfum. Einnig hefur áhrif á upplifun nemenda á lestri að veita þeim tækifæri til að segja frá lesefni sínu og finna fyrir áhuga annarra á því. Á þann hátt gefst nemendum færi á að ígrunda lesefnið sem styrkir þá í notkun málsins, textagerð og eykur við skilning þeirra.

Hafa ber í huga að lestur er vitsmunalegt ferli og kemur inn á líffræðilega, tilfinningalega, félagslega og umhverfislega þætti hvers og eins. Undir þessa þætti heyra m.a. sjón, heyrn, málþroski, einbeiting, athygli, hvatning, áhugi, sjálfsímynd, heimilisaðstæður, lestrarfyrirmyndir, viðhorf fjölskyldumeðlima til lestrar, vinir, kennarar og kennsluaðferðir. Það er því ljóst að reynsla, upplifun og viðhorf til lestrar er persónubundin (Þóra Kristinsdóttir, 2000, bls. 186). Lesandinn leggur því gagnrýna hugsun, þekkingu, persónulegar hugmyndir og merkingu í efnið (Cecil, 2007, bls. 148). Bergljót Vilhelmina Jónsdóttir (2010, bls.71) skilgreinir lestrarkennslu sem kerfisbundna aðferð, fyrst er það tæknilegur hluti lesturs sem felur í sér umskráningu rittákna í orð og setningar síðan er það lesskilningurinn sem færir textanum merkingu.

Lestur og ritun haldast í hendur, með markvissri æfingu opnast dyr að heimi tækifæra til að njóta lesturs og leggja mat á efni sem styrkir skilning og málnotkun. Hafa ber í huga þá fjölmörgu vitsmunalegu þætti sem hafa áhrif á lestur og lestrarvenjur í kennslu því þættirnir eru einstaklingsbundnir og hafa áhrif á upplifun og virkni nemenda. Markmið lestrar er að öðlast skilning á því sem lesið er, ávinningurinn kemur fram í ánægjulegri upplifun og aukinni þekkingu. Lesskilningur er því veigamikill þáttur í lestrarkennslu. Í næsta kafla verður vikið að undirstöðupáttum lesskilnings, aðferðum og áhrifaþáttum.

## 2.1 Undirstöðupættir lesskilnings

Lesskilningur byggir á því hvernig unnið er úr tungumálinu svo skilningur hljótist af og tengjast undirstöðupættir lesskilnings því á einn eða annan hátt. Undirstöðupættirnir eru hljóðkerfisvitund (e. phonological awareness), umskráning (e. decoding), talmál (e. spoken language), málskilningur (e. spoken language comprehension), málhæfni (e. basic language skills), orðaforði (e. vocabulary), forþekking (e. background knowledge), ályktunarhæfni (e. inference), vinnsluminni (e. working memory) og námsvitund (e. metacognition) (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 33–52).

Tengsl milli málskilnings og lesskilnings eru mismikil og fara m.a. eftir hæfni barna í umskráningu. Við upphaf lestrarnáms eru tengslin lítil því þá beinist athygli barna að umskráningu á einföldum texta en þau eiga erfitt með að skilja samhengi textans í heild. Þegar umskráningarfærni er slök fara kraftar lesandans að mestu í að umskrá bókstafi í hljóð í stað þess að meðtaka innihald textans. Því er mikilvægt að val á lestrarefni sé sniðið að umskráningarfærni hvers og eins (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 34, 75). Margir sem glíma við lesskilningserfiðleika í rituðu máli eiga jafnframt í málskilningserfiðleikum. Auka má málskilning og orðaforða barna með auðugu málumhverfi til dæmis með því að draga athygli barna að orðum sem koma fyrir í texta og útskýra merkingu þeirra, lesa daglega fyrir þau og virkja til sam- og rökræðna (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 72). Börn þurfa að búa yfir góðum orðaforða til þess að öðlast lesskilning. Ekki nægir að hafa heyrt orðin heldur þarf lesandi að geta notað og skilgreint orð með tilliti til samhengis og merkingar. Rannsóknir hafa bent á að orðaforði eflist bæði með beinum og óbeinum hætti. Efling orðaforða með beinum hætti snýr að markvissri leit að merkingu orða líkt og í orðabók. Aukning orðaforða með óbeinum hætti tengist því sem fengist er við frá degi til dags svo sem samtöl, lestur eða hlustun og að tengja orðin við samhengi frásagnar eða lesins texta. Úrvinnsla texta felst ekki aðeins í skilningi orða heldur þarf lesandi að tengja innihald hans við forþekkingu sína (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 26, 39–40). Forþekking

byggir á orðaforða, þekkingu á viðfangsefni, væntingum, viðhorfi, innlifun og tilfinningum ásamt hæfni til að spá fyrir um innihald textans (Cecil, 2007, bls. 151). Brynhildur Þórarinsdóttir (2006, bls. 39) fjallar um mikilvægi þess að börn geti lifað sig inn í söguvið, innlifun byggir á reynslu sem nýtist lesendum við að setja sig í spor söguhetja og öðlast skilning á sögunni.

Nauðsynlegt er að átta sig á því að ef þekking á lesefni er ekki fyrir hendi er erfitt að skilja merkingu textans. Með öðrum orðum forþekking er undirstaða hugsana okkar (Harvey og Goudvis, 2007, bls. 17). Leikinn lesandi nýtir sér forþekkingu sína og reynslu til þess að sjá fyrir sér aðstæður sem greint er frá í texta. Hann dregur ályktanir um það sem ekki er sagt frá með beinum hætti með því að nýta þekkingu sína, reynslu og greind (Bergljót Vilhelmína. Jónsdóttir, 2010, bls. 17–18; Cecil, 2007, bls. 149; Harvey og Goudvis, 2007, bls. 17). Ályktunarhæfni er því ein forsenda lesskilnings. Ályktanir geta verið ósjálfráðar eða meðvitaðar, það fer meðal annars eftir því hvort forþekking er nýtt við lesturinn eða ekki. Ósjálfráð ályktun er byggð á því sem fram kemur í textanum en meðvituðum ályktunum er til dæmis beitt við lestur fræðitexta sem viðkomandi hefur ekki þekkingu á. Til þess að skilja innihald textans þarf lesandi þó iðulega að nýta það sem hann veit fyrir, álykta út frá því og bera saman við það sem fram kemur í textanum. Með því móti öðlast lesandinn djúpan skilning á viðfangsefninu (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 47).

Þegar einstaklingur gerir sér grein fyrir og metur skilning sinn hefur hann öðlast góða námsvitund eða vitund um eigin vitneskju. Þegar hann skilur ekki innihald texta áttar hann sig á því og getur brugðist við með markvissum hætti og stýrt námi sínu en ef hann skortir þessa vitund kallar það á úrræðaleyfi. Góð námsvitund fær lesandi til að íhuga það sem hann les og gera upp við sig hvort þær ályktanir fái staðist. Mikilvægt er að lesandi sé fær um slíka vinnslu á innihaldi texta, tengi við forþekkingu sína og nái heildarsamhengi textans. Rannsóknir benda til þess að námsvitund og námstækni (e. reading comprehension strategies) aukist í takt við málfærni (e. language skills) og að lesskilningur þróist í samræmi við það (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 52–54).

## **2.2 Lesskilningsaðferðir**

Þróun lesskilnings byggist á hæfni lesenda háð markmiðum, leiðum og lesskilningsaðferðum (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 30).

Í skýrslu National Reading Panel (NRP) árið 2000 greinir frá sjö árangursríkum lesskilningsaðferðum sem felast meðal annars í því að fá nemendur til að vera stöðugt meðvituð eigin skilning, ýta undir félagsleg samskipti meðal nemenda í þágu náms, læra að

kortleggja merkingu orða og texta á röklegan og myndrænan hátt, svara efnislegum spurningum um inntak lesefnis, læra sjálfir að spyrja ígrundaðra og opinna spurninga um efnið sem þeir lesa, efla vitund á söguuppbyggingu mismunandi texta og venja sig á að draga saman lesefnið með það að markmiði að greina aðalatriði frá aukaatriðum (National Reading Panel (NRP), 2000).

### **2.3 Uppeldisaðstæður og aðrir áhrifapættir lesskilnings**

Allt frá fyrstu æviárum barna þarf stöðug málörvun að eiga sér stað því örvunin stuðlar að málþroska (e. language development) og á honum byggir lesskilningur. Foreldrar og aðstæður í uppeldinu hafa mikil áhrif í lestrarferli barna. Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir (2010, bls. 66) bendir á rannsóknir sem sýnt hafa fram á að orðaforði barna byggi á orðaforða umönnunaraðila, oftast foreldra. Börn sem alast upp við ríkan orðaforða, gott málumhverfi og málörvun eiga auðveldara með að öðlast færni í málfræði, orðaforða, hugtökum og setningagerð. Ein leið til þess að auka orðaforða og málþroska barna er að lesa reglulega fyrir þau, samhliða eykst hlustunarskilningur (e. comprehension listening) sem er ein undirstaða lesskilnings. Bókakostur heimila og gott aðgengi að lestrartengdu efni eflir til að mynda áhuga barna á lestri auk þess kynnast þau lestri og læsitengdum athöfnum í leikskólastarfinu. Uppeldi heima fyrir og í leikskóla spilar því mikilvægt hlutverk í lestrarferlinu og leggur grunn að lestrarnámi barna. Upplifun þeirra á daglegum og ánægjulegum lestrarstundum stuðlar að námshæfi og áhuga þegar grunnskólaganga hefst (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 66, 71). En áhugi hefur einnig áhrif á árangur nemenda í lestri og lesskilningi (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, bls. 40; Cecil, 2007, bls. 264).

Það er ljóst að lesskilningur er háður greind og þáttum eins og reynslu, forþekkingu, orðaforða og áhuga. Þeir sem koma að lestraruppeldi barna þurfa að vera meðvitaðir um áhrifapætti og mikilvægi lesskilnings. Þeir sem búa yfir góðum lesskilningi eru virkir í lestrinum það er þeir hugsa um það sem þeir lesa, skilja og auka þekkingu sína. Það er því til mikils að vinna þegar unnið er að markmiðinu um að ritað mál hafi merkingu í huga lesenda. Til þess að ná markmiðinu þarf að kanna lesskilning nemenda og mæta námsþörfum þeirra.

Lesskilningur er liður í PISA könnunum OECD landanna, en þau eru öll Evrópuríkin auk nokkurra utan Evrópu. PISA könnunin er framkvæmd á þriggja ára fresti og eru þátttakendur 15 ára grunnskólanemar. Af niðurstöðum má sjá að frá árinu 2000 til ársins 2006 fór lesskilningur nemenda á Íslandi niður á við og árið 2006 var Ísland undir meðallagi. Árið 2009 horfði hins vegar til betri vegar og lesskilningur íslenskra ungmenna var kominn í sama horf og árið 2000. Árið 2009 voru tíu af 60 OECD löndum hærra en Ísland í lesskilningi sem

telst vera góður árangur. En þegar niðurstöður meðal íslensku nemendanna eru skoðaðar sést að fáir náðu hæstu hæfnisþrepum í lesskilningi og um leið voru fáir á þeim lægstu sem þýðir að flestir voru í meðallagi. Af niðurstöðunum má sjá að hægt er að gera betur til þess að fleiri nemendur nái hæstu hæfnisþrepum. Í könnuninum er kynjamunur sérstaklega skoðaður og ljóst er að hann er fyrir hendi hvað varðar lesskilning. Stúlkur standa sig betur í lesskilningi en drengir í öllum löndunum og árið 2003 var hvergi meiri kynjamunur en á Íslandi en hér á landi hefur kynjamunur alltaf verið fyrir hendi í lesskilningi en mismikill þó. Árið 2009 var minni kynjamunur en árin á undan ástæðan er að lesskilningur stúlkna dalaði en drengja stóð í stað (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010, bls. 3,7, 33 og 45).

Rannsakendur á sviði menntamála hafa gert læsi að rannsóknarefni sínu í gegnum tíðina. Auk þess að rannsaka frammistöðu í lestri með tilliti til kynjamunar hefur verið horft til lestrarkennslu og áhrifaþátta eins og áhuga og áhugahvatar. Rannsóknir þær sem greint verður frá hér í næsta kafla varpa ljósi á hindranir á lestrarvenjum barna, þeim er hægt að vinna út frá þegar leitað er leiða til að efla lestraráhuga.

### **3 Rannsóknir á lestrarvenjum barna**

Pirjo Linnakyla og Antero Malin (2004) unnu rannsókn sem gekk út á að koma auga á þá þætti sem hafa áhrif á slakan árangur í lestri hjá finnskum og sænskum börnum. Rannsóknin var unnin í kjölfar niðurstaðna PISA könnunar OECD landanna árið 2000 og tók mið af einstaklingsbundnum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í ljós kom að ástæðan fyrir slöku gengi í lestri var svipuð í löndunum tveimur. Þeir þættir sem höfðu áhrif voru að nemendur höfðu litla trú á námsgetu sinni, voru undir þrýstingi um að ná árangri, áttu erfitt með lestur, áttu erfitt með að einbeita sér og eyddu miklum tíma við tölvur. Fjölskyldumynstur, þjóðerni og efnahagslegur bakgrunnur eru þættir sem höfðu að einhverju leyti áhrif á niðurstöður en hvorki skólinn né nemendur gátu haft áhrif á það. En þætti eins og sjálfstraust sem er afar mikilvægt, álag, harðfylgi, einbeitingu, virkni og notkun tölva í frístundum geta kennarar og nemendur haft áhrif á. Ef reynsla nemenda af lestri er neikvæð og þeir ekki fengið þann stuðning sem þörf er á er hætta á því að þeir hafi lítið sjálfstraust en það er afar nauðsynlegt og hefur áhrif á velgengni. Þær Linnakyla og Malin telja hægt að byggja upp sjálfstraust barna með hrósi, hvatningu og einstaklingsmiðuðu námi sem getur skilað sér í betri árangri í lestri (Linnakyla og Malin, 2004, bls. 245–246).

### 3.1 Lestur og tölvunotkun

Nú á dögum er frítími barna þéttsetinn fjölbreyttri afþreyingu. Tölvunotkun hefur aukist mikið síðustu ár og til þess þarf að horfa þegar fjallað er um lestur í frístundum. Langtímarannsóknin *Börn og sjónvarp á Íslandi* hefur verið unnin frá árinu 1968. Í upphafi rannsóknarinnar var tilgangurinn að koma auga hvaða áhrif tilkoma sjónvarpsins hafði á samfélagið en í dag er að miklu leyti horft til áhrifa internetsins. Könnunin hefur verið lögð fyrir sjö sinnum nú síðast árið 2009 og byggir á svörum nemenda í 5. til 10. bekk grunnskóla varðandi lestrarvenjur þeirra og tækjæign. Rannsóknin sýnir að allt frá árinu 1979 til ársins 2009 hefur meðalfjöldi lesinna bóka minnkað með hverri könnun. Ástæðan er meðal annars rakin til eflingar nýrra miðla. Frá upphafi hafa þátttakendur verið spurðir að því hvort þeir hafi lesið bækur síðasta mánuðinn og eiga svör við spurningunni að endurspeglar yndislestur nemenda. Niðurstöðurnar eru, og hafa verið í hverri nýrri könnun að stúlkur lesa meira en drengir og að yngri nemendur lesa meira en þeir eldri (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009, bls. 253–262).

Í heildstæðum rannsóknum unnum frá árinu 1992 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur ávalt komið fram kynjamunur í lestri nú síðast árið 2012. Rannsóknirnar eru æskulýðsrannsóknir og kallast *Ungt fólk* þátttakendur eru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Niðurstöðurnar sýndu árið 2012 að um þriðjungur drengja vörðu engum tíma til yndislesturs á móti fimmtungi stúlkna. Ef litið er til tölvunotkunar kom fram að um þriðjungur, bæði drengja og stúlkna eyddu meira en fjórum klukkustundum á dag við lestur á internetinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 5–6 og 81–82).

Hluti rannsóknar þeirra Linnakyla og Malin snéri að tölvunotkun barna og fjallaði um hvernig nýta megi tölvur og internetið til læsis. Í dag er lestur ekki aðeins bundinn efni á prenti heldur einnig rafrænu formi. Lestur á rafrænu formi í bland við hefðbundið lestrarefni getur verið til gagns og ánægju og leitt til þróunar í lestrarfærni. Þegar leitað er að upplýsingum á internetinu gefst tækifæri til að ræða við nemendur um áreiðanleika og réttmæti þeirra upplýsinga sem aflað er. Með því er hægt að auka við gagnrýna hugsun og ígrundun í tengslum við lestrarfærni nemenda. Þeir sem mest nota tölvur nota internetið aðallega í þeim tilgangi að spila tölvuleiki og hala niður hugbúnaði og tónlist. Linnakyla og Malin álíta afar mikilvægt að ná til þeirra barna og víkka sjóndeildarhring þeirra sem tölvunotenda og fá þau einnig til að lesa efni til dæmis tengd hugðarefnum sínum, annars er viss hætta á að lestrarkunnáttu þeirra hraki (Linnakyla og Malin, 2004, bls. 245–246).

### 3.2 Barnabókmenntir í kennslu

Í rannsókn á lestrarvenjum 8–11 ára barna og notkun barnabókmennta í skólastarfi í fjórum löndum Evrópu, þar með talið á Íslandi, kom meðal annars í ljós að tengsl voru milli bókakosts heimila og áhuga barnanna á lestri. Þegar spurt var um bókakost heimilanna voru íslensku börnin mest afgerandi í afstöðu sinni þar sem 86% þeirra sögðu mikið vera til af bókum á heimilinu. En þegar spurt var um magn barnabóka voru svörin ekki eins afdráttarlaus og sögðu 56% þeirra mikið vera til af þeim. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu jafnframt að áhugi á lestri dvínar eftir því sem börnin eldast og aðspurð sagði helmingur þeirra að ekki væri lesið fyrir þau á kvöldin en það hafi verið gert þegar þau voru yngri. Í rannsókninni var sjónum einnig beint að skipulagi kennslustofa. Ísland skar sig úr meðal hinna þjóðanna en um helmingur íslenskra kennara sögðu sérstakt leshorn vera í skólastofunni þar sem nemendur gætu lesið í ró og næði á meðan um 90 % kennara hinna þjóðanna sögðu slíkt horn vera fyrir hendi í skólastofu þeirra. Íslensku kennararnir nýttu barnabækur í minna mæli í samanburði við Spán og England en sjö af hverjum tíu nemendum sögðust hafa ánægju af því að læra í gegnum barnabókmenntir. Kennarar sammæltust um að barnabækur væru nýttar í þeim tilgangi að styðja við kennsluna, stuðla að siðferðislegum gildum og auka málfræðipækkingu nemenda. Kennararnir frá Englandi nýttu barnabækur þó á fjölbreyttari hátt en kennarar hinna landanna. Notkun þeirra fólst í túlkun nemenda og að dragi ályktanir út frá textanum, þeim var kennt að spyrja spurninga út frá innihaldi textans og hann nýttist nemendum sem fyrirmynd að skapandi skrifum (Kristín Aðalsteinsdóttir o.fl., 2012, bls. 83–104).

Ein leið til þess að auka þjálfun í lestri er að vinna með barnabækur í kennslu. Brynhildur Þórarinsdóttir (2006, bls. 39–42) segir að með lestri barnabóka hljótist ekki einungis aukin þjálfun í lestri heldur veiti þær börnum sýn á samfélag sitt og menningu. Hún álitur að bækur eigi að nýtast sem sjálfsögð afþreying milli verkefna og vera áhugavert kennsluefni. Kennarar ættu að kynna sér vinsælustu barnabækurnar til þess að geta rætt við nemendur sína um þær. Með því geta kennarar aukið við áhuga nemenda og skapað lestrarhvetjandi aðstæður eins og að kalla fram tilhlökkun meðal nemenda vegna nýútkominnar bókar. Brynhildur bendir á að notkun barnabóka í kennslu ætti ekki að vera kvöð fyrir kennara því fullorðnir hafa ekki síður en börn yndi af vel skrifuðum barnabókum.

### 3.3 Kynjamunur í lestrarvenjum og lesskilningi

Líkt og fram hefur komið er kynjamunur fyrir hendi hvað varðar lesskilning hjá börnum. Í PISA könnunum OECD árið 2009 var kynjamunurinn í lesskilningi frá 10–60 stig en það er mesti kynjamunur sem mælst hefur hér á landi (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010, bls. 36). Í



Garðaskóla í Garðabæ var kynjamunur ekki mælanlegur í lesskilningi og stúlkurnar þar voru 33 stigum hærri en stúlkur á landsvísu og drengirnir 57 stigum hærri en drengir á landsvísu (Almar M. Halldórsson, 2012, bls. 5–6).

Til þess að átta sig á hvort munur sé á lestrarvenjum drengja og stúlkna er litið til greiningar á kynjamun í námsárangri í grunnskólum Reykjavíkur. En hún byggir á PISA 2009 og samræmdum prófum. Fram kom að stúlkur hafa áberandi meiri ánægju af lestri en drengir, lestrarefni stúlkna er fjölbreyttara og þær nýta sér bókasöfn í meira mæli en drengir (Almar M. Halldórsson, 2011, bls. 16).

Í ljósi góðrar frammistöðu nemenda Garðaskóla í lesskilningi og þess að enginn kynjamunur mælist þar er áhugavert að líta til lestrarvenja nemenda skólans. Lestrarvenjur þar eru ólíkar því sem gerist annarsstaðar á landinu, drengirnir í skólanum lesa meira af ósamfelldum texta og bókmenntum ásamt því að vinna meira en aðrir nemendur á Íslandi með túlkun bókmenntatexta. Þeir lesa fjölbreyttara efni og nota bókasöfn meira í samanburði við drengi annarra skóla og vinna að auki meira með texta en stúlkurnar í skólanum. Betra skipulag og viðeigandi tækni við að taka saman megininntak texta tengist auknum lesskilningi drengjanna en ásamt því virðast þeir fá meiri þjálfun á unglingastigi í lesskilningi en annars staðar á landinu (Almar M. Halldórsson, 2012, bls. 6).

Vegna kynjamunar í lestri hafa rannsakendur beint sjónum sínum sérstaklega að drengjum. Ein þeirra er Ingibjörg Auðunsdóttir en hún vann rannsóknar- og þróunarverkefnið *Fágæti og furðuverk* skólaárið 2010–2011. Markmið verkefnisins, var að efla lestraráhuga 9–11 ára nemenda sem áttu erfitt með lestur eða voru áhugalausir, sérstök áhersla var lögð á að höfða til áhugasviðs drengja. Fyrirmyndin er enska verkefnið *Curiosity Kit* sem rannsóknir hafa sýnt að skili sér í jákvæðu viðhorfi barna til lesturs. Þátttakendur voru nemendur í 4. bekk í grunnskóla á Akureyri. Nemendur tóku vikulega með sér heim verkefni sem þeir unnu í samvinnu við fjölskyldu sína. Hvert verkefni samanstóð af lestrarefni ásamt fylgihlutum sem tekið hafði verið saman í bakpoka fyrir hvern nemanda. Markmið verkefnanna var að vekja áhuga barnanna og virkja foreldra, sérstaklega feður eða karlkyns einstaklinga til að lesa með börnum sínum í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni. Því rannsóknir benda til að fyrirmyndir af sama kyni hafa jákvæð áhrif á lestrarvenjur og áhuga drengja. Í hverjum bakpoka var að finna:

- Fræðilegt efni eða bók um ákveðið þema fyrir nemendur
- Tímarit eða bók fyrir fullorðna um sama þema
- Verkefni tengd þemanu

- Hluti eða leikföng tengd þemanu
- Teikniverkefni tengt þemanu
- Samskiptabók þar sem nemendur mátu verkefnið og foreldrar skrifuðu athugasemdir.

Með því að virkja foreldra til þátttöku á þennan hátt gafst þeim tækifæri til að skapa börnum sínum jákvæða lestrarfyrirmynd (Ingibjörg Auðunsdóttir, í prentun).

Til þess að höfða sem best til áhugasviðs nemenda var spurningalisti sem snéri að áhugamálum þeirra lagður fyrir þau. Í ljós kom að íþróttir og leikir tengdir hreyfingu var það sem drengjum þótti skemmtilegast, en það var fyrsta val allra drengjanna. Að lokinni rannsókn kom í ljós að meiri ánægja var meðal drengja en stúlkna með verkefnið. En stúlkurnar skiluðu þó samskiptabókum sem unnar voru í tengslum við verkefnið betur en drengirnir. Mæður barnanna lásu oftast með þeim og aðspurð sögðu börnin mæður sínar lesa oftast sér til ánægju en feður (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2011, bls. 2–5).

### 3.4 Kynjamunur og námsáhugi

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen (2008) rannsökuðu námsáhuga nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla og viðhorf foreldra. Niðurstöður leiddu í ljós að strax við upphaf skólagöngu voru nemendur sem höfðu lítinn áhuga á náminu, þar voru drengir í meirihluta. Eftir því sem lengra leið á skólagönguna dró úr námsáhuga og bilið milli kynja jókst. Kynjamunur kom fram í mati foreldranna, þeir töldu námsáhuga drengja minni en stúlkna. Um væntingar var fjallað í umræðukafla rannsóknarinnar þar sem rannsakendur veltu fyrir sér hvort umræður síðustu ára, um lítinn áhuga og slakt gengi drengja í námi, hafi að einhverju leyti áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar sem sýndu mikinn kynjamun. Bent var á að ef litið er á það sem sjálfsagðan hlut að drengir hafi lítinn áhuga á náminu stöndum við frammi fyrir miklu vandamáli. En eins og fram kom í rannsókninni er námsáhugi nemenda forsenda góðs námsárangurs (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008, bls. 7–23).

Í framhaldi af þessari rannsókn skal litið til fyrrgreindrar rannsóknar Ingibjargar Auðunsdóttur *Fágætis og Furðuverks*. Einn þáttur verkefnisins voru fjórir fundir með foreldrum til þess að styðja við lestur barna sinna og leita sér stuðnings og aukinnar þekkingar. Foreldrar drengjanna mættu mun síður á fundina en foreldrar stúlkanna. Á fyrsta fundinum var jöfn mæting meðal foreldra drengja og stúlkna, en á hinum fundunum þremur voru foreldrar stúlkna í miklum meirihluta og á þriðja fundinum komu einungis foreldrar stúlkna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu því til kynna að foreldrar drengja sinntu hlutverki sínu verr en foreldrar stúlkna (Ingibjörg Auðunsdóttir, í prentun).

### 3.5 Samantekt

Niðurstöður þeirra rannsókna sem greint hefur verið frá varpa ljósi á mikilvægi þess að hvetja börn til lesturs og tengja lesturinn áhugasviði þeirra. Kennarar og foreldrar geta nýtt áhugamál barna sem meðbyr, það á líka við um tölvunotkun en hana er hægt að tengja lestri á rafrænu formi. Lestrarkennsla þarf ásamt tæknilegum hluta hennar að felast í hvatningu, hrósi og viðurkenningu á hugðarefnum nemenda og er það liður í að byggja upp sjálfstraust barna sem er þeim afar mikilvægt.

Eins og fram hefur komið kann meirihluti nemenda að meta það þegar barnabókmenntir eru nýttar í kennslu en það hefur jákvæð áhrif á málfræðipækkingu og skapandi skrif ásamt aukinni þjálfun í lestri. Samkvæmt rannsóknum fer áhugi nemenda minnkandi með aldrinum, drengir búa yfir slakari lesskilningi en stúlkur og þær hafa meiri áhuga á lestri en þeir. Í einum skóla landsins er ekki þó mælanlegur munur milli kynja í lesskilningi í 10. bekk. Það sem aðskilur kennsluhætti skólans í lestri frá öðrum skólum er meðal annars nýting fjölbreyttari texta, meiri vinna með inntak texta og meiri þjálfun á unglingsstigi í lesskilningi.

Íslenska rannsóknin *Fágæti og furðuverk* gaf til kynna að munur er á áhugasviði drengja og stúlkna en áhugi drengjanna á lestri jókst þegar efnið tengdist áhugasviði þeirra. Foreldrar spila mikilvægt hlutverk sem lestrarfyrirmyndir en athygli vekur að foreldrar drengjanna í rannsókninni sóttu fundi mun verr en foreldrar stúlkna.

## 4 Áhugahvöt og lestur

Áhugi er ein forsenda námsárangurs og því verður hugtakið áhugahvöt (e. motivation) skilgreint í þessum kafla og greint frá áhrifum áhugahvatar á lestrarnám. Vegna kynjamunar í lesskilningi, lestrarvenjum og lestraráhuga verður áhugahvöt drengja gerð að sérstöku umfjöllunarefni í kaflanum og greint frá rannsóknum þar að lútandi.

Áhugasemi og góðar aðstæður til náms er forsenda þess að nemendur nái góðum námsárangri (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010, bls. 60).

Innblástur og hvatning eru nauðsynleg til þess að finna til áhugahvatar. Áhugahvöt getur verið mismikil það er áhugi á viðfangsefni getur verið mikill eða lítill. Áhugahvöt samanstendur af hvatningu, viðhorfum og markmiðum. Áhugahvöt virkar sem drifkraftur á það sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur. Gera verður greinarmun á tvenns konar áhugahvöt eftir því hvort hún stafar af innri (e. intrinsic) eða ytri (e. extrinsic) ástæðum. Áhugahvöt sem rekja má til sjálfsprottins áhuga kallast *innri áhugahvöt* en þegar hana má

rekja til viðurkenningar eða umbunar er um *ytri áhugahvöt* að ræða (Ryan og Deci, 2000, bls. 54–57).

Að finna til áhugahvatar getur verið öflugur þáttur í lestrarferlinu. Það er ákjósanlegt að nemendur hafi tækifæri til að nálgast lestrarefni í takt við löngunina sem býr innra með þeim. Þegar viðkomandi gerir það stjórnast val á lestrarefni af innri áhugahvöt. Hér verður nánar greint frá því sem skilur á milli innri og ytri áhugahvatar.

#### **4.1 Innri áhugahvöt**

Innri áhugahvöt (e. *intrinsic motivation*) er eðlislægur áhugi og löngun. Það er þegar einstaklingur gerir eitthvað ánægjunnar vegna eða af því það felur í sér áskorun fyrir hann sjálfan án utanað komandi þrýstings eða umbunar. Frá fæðingu og á fyrri hluta ævinnar eru menn jafnan virkir, fróðleiksfúsir, forvitnir og glaðværir einstaklingar sem sýna í hvívetna vilja til að læra, kanna nýja hluti án utanað komandi hvatningar til þess. Að fá áhuga á nýjungum, samlagast og beita hæfileikum á skapandi hátt er ekki takmarkað við bernskuna heldur er það mikilvægur hluti af mannlegu eðli sem hefur áhrif á árangur þrautseigju og vellíðan (Ryan og Deci, 2000, bls. 56–57).

Ryan og Deci (2000, bls. 57) telja áhugahvöt sprotna út frá andlegum þörfum. Þeir telja þörfina fyrir hæfni (e. *competence*) og sjálfræði (e. *autonomy*) vera meðfædda, en benda þó á grunnþörfina fyrir að auka við ánægju meðal annars með því að taka þátt í áhugaverðum verkefnum. Í því sambandi tala þeir um verkefni sem tengjast innri áhuga sem flestra. Til að kalla fram innri áhuga nemenda þarf að skoða eiginleika verkefna og átta sig á hvernig það nýtist hverjum og einum. Til þess að auka við áhugahvöt þarf því að huga að bættri verkefnahönnun eða vali á verkefnum. Þrátt fyrir mikilvægi innri áhugahvatar sem einni gerð hvatningar byggjast gjörðir fólks ekki alltaf á áhugasemi. Það virðist vera sem innri áhugahvöt fái minna vægi við hvern bekkinn sem nemendur færast upp um því ábyrgðarhlutverk þeirra í náminu og félagslegar kröfur aukast (Ryan og Deci, 2000, bls. 57 og 60).

#### **4.2 Ytri áhugahvöt**

Ytri áhugahvöt byggist á því að athöfn og umbun eru aðskilin, það er þegar verkefni eru ekki unnin ánægjunnar vegna heldur aðeins vegna umbunar sem hlýst af því að ljúka þeim. Margir hafa talað um að ytri áhugahvöt leiði til ósjálfstæðis í verkefnavinnu. Aðrir hafa bent á að ytri áhugahvöt geti haft mis mikil áhrif á sjálfstæði en það fer eftir hversu mikil tengslu eru milli umbunar og framkvæmdar. Sem dæmi er um ytri áhugahvöt að ræða þegar nemandi vinnur heimanám sitt aðeins vegna þess að hann óttast viðurlög foreldra sinna ef hann gerir það ekki.

Þegar nemandi vinnur heimanám sitt vegna þess að hann telur það vera mikilvægt til að ná árangri í náminu er einnig um ytri áhugahvöt að ræða. Í fyrra dæminu stjórnast nemandi meira af ytri áhrifum en í því seinna. Síðara dæmið samanstendur af persónulegu samþykki, tilfinningalegu vali og ásetningi. Á þessu má sjá að ytri áhugahvöt getur haft mismikil áhrif á sjálfræði (Ryan og Deci, 2000, bls. 60).

### **4.3 Áhugi á lestri**

Morgan og Fuchs (2007, bls. 166) rannsökuðu sambandið milli lestrarleikni og lestrarhvatar (e. reading motivation). Þar kom fram að slakir lesendur eru helmingi líklegri til að dragast fljótt aftur úr í getu og viljinn til lesturs fer minnkandi. Þegar það gerist hefur frammistaða og áhugi neikvæð áhrif hvort á annað. Rannsakendur telja því mikilvægt að beina sjónum að sambandinu milli lestrarfærni og áhugahvatar þegar slökum lesendum er hjálpað í átt að bættri lestrarfærni. Um þetta fjallar Cecil (2007) einnig og segir áhuga og viðhorf til lestrar vera nátengt árangri í lestri. Þess vegna ætti samantekt á áhugahvöt og viðhorfi að vera höfð til hliðsjónar í námsmati. Mikilvægt er að kennari fylgi samantektinni eftir með því að skrá niður bæði markvisst og ómarkvisst. Markviss skráning felur í sér óformlegan spurningalista annað hvort skriflega eða munnlega. Þar ættu að koma fram óskir nemenda um lestrarefni ásamt viðhorfsskönnun tengdri aldri og þroska nemenda (Cecil, 2007, bls.264–265).

Linnakyla og Malin (2004, bls. 245) fjalla um þá sem ekki ná góðum tókum á lestri. Þær segja að aðstoða þurfi þá nemendur með því að veita þeim vitsmunalegan og tilfinningalegan stuðning. Með slíkum stuðningi er hægt að ýta undir forvitni og löngun nemenda til að læra um einstök viðfangsefni. Þau geta til dæmis verið; eitthvað skemmtilegt, áhugavert, raunverulegt og spennandi, einnig er persónulegt val á lestrarefni og umræður um það sem lesið er meðal samnemenda mikilvægt. Guthrie (2011) fjallar einnig um mikilvægi þess að nemendur eigi kost á að velja lestrarefni og telur það vera þekktustu hvatningaleiðina. Ánægja nemenda með að velja sér lestrarefni sýnir sig í áhuga, í það minnsta tímabundið. Hann vísar til sjálfsákvörðunarkenningarinnar en samkvæmt henni eykst sjálfræði nemenda með því að veita þeim tækifæri til sjálfsákvörðanna. Guthrie segir það geta verið lykilinn að góðum námsárangri og tilfinningalegri aðlögun (Guthrie, 2011, bls. 187–188).

Áhugi og viðhorf skipta miklu máli til þess að ná árangri í lestri. Nánar verður vikið að lestrarvenjum drengja og áhugahvöt þeirra skoðuð út frá niðurstöðum rannsókna.

#### **4.3.1 Áhugahvöt og lestrarvenjur drengja**

Hébert og Pagnani (2009) skrifuðu grein um hvernig vekja megi áhuga drengja á lestri en hún er byggð á niðurstöðum fjölda rannsókna. Þar komu meðal annars fram nokkrir þættir sem

horfa þarf til varðandi læsi drengja, drengir og stúlkur sýna ólíku lestrarefni áhuga, sækjast eftir ólíkum bókmenntum og lesa í misjöfnum tilgangi. Þó svo að drengir og stúlkur lesi sama textann vinna þau úr honum á ólíkan hátt. Drengir nota textann meira til þess að komast að einhverju, sem dæmi að læra um köngulær með því að lesa bókina *Vefur Karlottu*. Þeir hafa minni ánægju af lestri og minna sjálfstraust en stúlkur sem verja meiri tíma til lesturs og skara fram úr á heimsvísu (Hébert og Pagnani, 2010, bls. 37–39).

Niðurstöður þessara rannsókna styðja það sem fram kom í PISA könnun OECD árið 2009 en þar var greint frá því að lestrarvenjur drengja og stúlkna væru ólíkar. Þrátt fyrir að nemendur af báðum kynjum séu saman í kennslustundum og fái þar af leiðandi sömu kennslu eru drengir lakari í lestri en stúlkur. Í rannsókninni er talið að munurinn liggja að mestu í því að drengir og stúlkur nálgast námið á ólíkan hátt og að drengir lesa minna en stúlkur. Bilið milli kynjanna gæti minnkað ef drengir hefðu jafn jákvætt viðhorf til lesturs og stúlkur og ef þeir myndu auka virkni sína í lestrinum. Það er því mikilvægt að finna áhrifaríkar leiðir til þess að auka áhuga drengja á lestri í skólanum og heima. Það ber þó að nefna að töluverður munur er innan kynja milli landa sem bendir til þess að drengir og stúlkur hafa í eðli sínu ekki mismikinn áhuga heldur að munurinn sé að mestu áunninn og stafi af félagslegum áhrifum. Kynjamun má því rekja til ólíkra viðhorfa og atferlis meðal drengja og stúlkna (OECD, 2010, bls. 13–14).

Í grein Hébert og Pagnani (2010) segir að drengjum hætti til að líta svo á að þá skorti málfarslega hæfni og einbeiti sér frekar að því sem þeim gengur vel í. Það sem kemur mest á óvart er að þetta á við um flesta drengi jafnvel þá sem búa yfir góðri lestrarfærni. Margar rannsóknir sýna fram á að drengir kjósa síður skáldsögur en stúlkur og þeir lesa frekar tímarit, dagblöð, vísindaskáldsögur og bækur í tengslum við áhugamál þeirra. Félagsleg samskipti þeirra í kringum slíkan lestur einkennast af samanburði staðreynda sem þeir leggja á minnið, þeir þjálfast í rökræðum og auka vitneskju sína. Margir halda því fram að lestur felist aðeins í því að lesa sögubækur. Drengjum finnst val þeirra á lestrarefni ekki metið sem fullgilt lestrarefni og trúa því að endingu sjálfir að góður lesandi sé sá sem les skáldssögur en ekki tímarit og bækur tengdar íþróttum og fleiri áhugamálum. Drengjum hættir til að verða fljótt leiðir á skáldsögum sem gjarnan eru teknar fyrir í bekkjum því þær einblína oft á samskipti sögupersónu, líkindamál, tilfinningar og orðræðu. Í stað slíkra bóka kjósa margir drengir bækur um hetjur, sakamál, njósnir, hraða atburðarás og stríð. Einnig kjósa þeir íþróttabækur, landnemasögur, fyndnar bækur, framhaldssögur og vísindaskáldskap. Við upphaf skólagöngu tekur námsefni ekki mið af lesefni sem þessu heldur er einblínt á lestrarbækur, eins og skáldsögur, sem almennt höfða frekar til stúlkna (Hébert og Pagnani, 2010, bls. 37–39).

Coles og Hall (2002, bls. 96– 106) benda á mikilvægi þess að litið sé á allar gerðir þess sem lesið er sem lestur og meta að verðleikum það lestrarefni sem verður fyrir valinu hjá hverjum og einum. Einnig er bent á hagnýtar leiðir til þess að koma á móts við drengi í kennslu. Kennarar gætu til dæmis látið frjálstan lestur (e. voluntary reading) veða þyngra og metið það lestrarefni sem hver og einn velur sér sem gott og gilt lestrarefni. Það hjálpar nemendum að geta litið á sig sem leikinn lesanda, og kennari skilagreini með varkárni getu nemenda, hjálpi þeim að átta sig á lestrarfærni þeirra og vinni með þeim að eigin markmiði um hvernig lesendur þau vilji verða

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar þeirra Linnakyla og Malin (2004) þarf að hlúa vel að virkni drengja í lestri því þeir tilheyra í auknum mæli hópi þeirra sem eru slakir í lestri. Fram kom að áhugi og virkni í lestri er meiri hjá stúlkum en drengjum og margir drengir líta neikvæðum augum á lestur, telja hann vera tímasóun og lesa sér ekki til ánægju. Bregðast þarf skjótt við þessari neikvæðu þróun og leggja ber mikla áherslu á viðhorfsbreytingu meðal drengja til lestrar. Kennarar eiga að hafa þekkingu á bókmenntum og vera færir um að hjálpa drengjum við að finna lestrarefni sem þeir telja áhugavert. Ef vel tekst til hjálpar það drengjum að njóta lesturs (Linnakyla og Malin, 2004, bls. 245).

William G. Brozo (2006) prófessor við School of Education í George Mason háskólanum hefur rannsakað læsi og sérstaklega beint sjónum að læsi drengja. Brozo segir menntakerfið þurfa að taka lestrarhegðun drengja og viðhorf þeirra til bókmennta föstum tókum og hafa í huga frjótt hugmyndaflug þeirra við gerð námskrár. Hann segir að tengja þurfi áhugamál, reynslu, drauma og ástríðu við lestrarkennslu þeirra. Með því öðlast drengir betri tengingu milli daglegs lífs og námsins. Brozo telur það vera lykilinn að því að jafna bilið milli kynja í lestri. Hann telur jafnframt að fyrirmynd af sama kyni hafi mjög jákvæð áhrif á námsárangur drengja og bendir á að margi stráka skorti þessa fyrirmynd (Brozo, 2006, bls. 71–73).

#### **4.4 Lestrarfyrirmyndir**

Lestrarfyrirmyndir barna eru þeir aðilar sem sýna börnum með beinum eða óbeinum hætti fram á gildi lesturs. Vikið er að rannsóknum sem sýna fram á mikilvægi lestrarfyrirmynda og áhrifa sem þær hafa á tileinkun og viðhorf barna til lesturs.

Rannsóknir síðustu áratugi sýna fram á mikilvægi þátttöku foreldra í lestrarkennslu barna (Auður Magndís Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2009, bls. 7; Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, bls. 47; Clark, 2009, bls. 3; Siah og Kwok, 2010, bls. 169).

Að lesa fyrir börn og tala við þau um bækur er veigamikill þáttur í lestraruppeldinu. Samskiptin hafa áhrif á viðhorf og hvetur þau til þess að verða virkir lesendur sjálf (Clark og Hawkins, 2010, bls. 6; Kristín Aðalsteinsdóttir, 2012, bls. 89; Siah og Kwok, 2010, bls. 169–173). Þetta hafa fleiri rannsóknir sýnt fram á eins og fram kemur í grein Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2010, bls. 61) þar segir að börn á leikskólaaldri sem hafa umgengist bækur og eru von því að lesið sé fyrir þau heima standi sig betur í námi.

Clark og Hawkins (2010) lögðu könnun fyrir 8–16 ára nemendur í Bretlandi. Kannað var læsi og ritun nemenda ásamt viðhorfi og hvatningu fjölskyldna til þess hluta námsins. Niðurstöður leiddu meðal annars í ljós að samband var á milli bókakosts heimila, jákvæðrar upplifunar af lestri, viðhorfs til lesturs og lestrarfærni. Þeir nemendur sem áttu ekki bækur heima sögðu helmingi oftast en þeir sem áttu bækur að lestur væri meira fyrir stelpur en stráka, að þeir ættu erfitt með lestur eða að þeir finndu ekkert áhugavert til að lesa. Í rannsókninni kom jafnframt í ljós að þeir nemendur sem fengu mikla hvatningu til lesturs heima og töluðu daglega við foreldra sína um lestrarefni sitt voru líklegri til að njóta lesturs, lesa að staðaldri, líta jákvæðum augum á lestur og telja hann vera mikilvægan þátt til velgengni í lífinu. Þeir nemendur sem voru undir meðallagi í lestrarfærni voru þrefalt líklegri en þeir sem voru yfir meðaltali að tala aldrei um það sem þau lesa við fjölskyldu sína. Þegar börnin voru spurð hvor þau sæju foreldra sína lesa kom í ljós að fleiri mæður en feður lásu (Clark og Hawkins 2010, bls. 5–6). Clark (2009) bendir á að rannsóknir hafi oftast en ekki beinst frekar að móður en föður. Það hefur orðið til þess að þegar fjallað er um mikilvægi þess að foreldrar taki virkan þátt í læsi barna hefur athyglin nær eingöngu beinst að samskiptum móður og barns. Það vekur athygli því sýnt hefur verið fram á að lestrarvenjur feðra geta haft veruleg áhrif á val barna á lestrarefni, áhuga og lestrargetu. Nú hafa rannsakendur litið í auknum mæli til áhrifa sem feður og aðrir karlmenn í lífi barna hafa á þroska þeirra. Clark vísar til rannsókna sem hafi bent á að börn skorti karlfyrirmyndir í lestri á fyrstu árum ævi sinnar. Hún telur skortinn geta verið einn af mögulegum orsökum fyrir slakari árangri drengja en stúlkna í lestri (Clark, 2009, bls. 3–6).

Linda Teran Strommen og Barbara Fowles Mates (2004) greindu frá því að þegar foreldrar halda þeirri venju að lesa reglulega fyrir börn sín stuðla þeir að áhuga barnanna á lestri. Áhuganum er viðhaldið með því að auðvelda aðgengi barnanna að bókum sem höfðar til þeirra hverju sinni. Með því að stuðla að skipulögðum lestrarstundum í uppvextinum sýna foreldrar börnum sínum að lestur er mikilvægur þáttur daglegs lífs. Umræða milli foreldra og barna um bækur hefur mikilvægu hlutverki að gegna í eflingu lestraráhuga þeirra. Ávinningur umræðnanna getur falist í hrifningu af bókum, hvatningu og gefið hugmyndir um val á



lestrarefni. Þær Strommen og Mates benda á að umræðurnar séu vettvangur fyrir þátttöku ungra lesenda, athöfnum sem eiga að vera mikils metnar í samfélaginu. Fullorðið fólk sem hvetur til slíkrar þátttöku barna sendir skýr skilaboð um gildi yndislestrar (Strommen og Mates, 2004, bls. 188 og 199).

#### **4.5 Samantekt**

Áhugamál, viðurkenning, hvatning og fyrirmyndir eru þeir áhrifaþættir sem hafa verið nefndir í tengslum við áhugahvöt. Áhugahvöt er hægt að tengja lestri, hvetja þarf nemendur til að taka sér fyrir hendur lestrarefni sem keyrt er áfram af áhugahvöt þeirra. Áhugahvöt getur bæði komið innan frá eða vegna utanað komandi ástæðna til dæmis umbunar. Lítil lestraráhugi getur tengst slökum árangri, í slíkum tilfellum þarf ekki síður að fylgja eftir áhugahvöt nemenda. Ein leið til þess er markviss skráning og viðhorfskönnun í tengslum við áhugahvöt. Drengir og stúlkur byggja val sitt á lestrarefni á ólíkum forsendum þau lesa í misjöfnum tilgangi og úrvinnsla texta er ólík milli kynja. Það getur aukið áhuga nemenda að fá að velja lestrarefnið sjálf og sýna þeim stuðning með því að viðurkenna þeirra val.

Fyrirmyndir hafa mikil áhrif á háttalag barna, það á líka við um lestrarvenjur þeirra. Að lesa fyrir þau og ræða um lestrarefni getur eflt jákvætt viðhorf og ýtt undir áhuga á lestri.

### **5 Yndislestur**

Hugtakið yndislestur vísar til þess þegar lesið er sér til ánægju, á eigin forsendum og lestrarefnið er valið út frá áhugahvöt. Yndislestur er ekki eingöngu bundinn við bækur heldur nær til margra gerða lesefnis eins og tímarita, dagblaða o.fl. (Hughes–Hassell og Rodge, 2007, bls. 22).

Margir rannsakendur hafa gert yndislestur sem hluta af skólastarfinu að rannsóknarefni sínu. Þegar yndislestur er nýttur sem hluti af skólastarfinu er skipulagi dagsins ýtt til hliðar og nemendur geta lesið óhindrað sér til ánægju. Til eru nokkrar útgáfur af yndislestri í kennslu, ein þeirra er SSR (e. sustained silent reading) (Krashen, 2004, bls. 1). Samkvæmt Siah og Kwok (2010, bls. 168–169) er markmið yndislestrar í kennslu að bæta lestrarvenjur nemenda, efla áhuga þeirra á lestri og veita þeim tækifæri til hljóðlesturs á eigin forsendum og án truflunar. Siah og Kwok álíta að yndislestur (SSR) ætti að ganga út á að nemendur lesi efni að eigin vali í um 15 mínútur á dag. Þeir þurfa ekki að ljúka við það sem varð fyrir valinu, né vinna verkefni tengd lestrinum. Kennarar og aðrir sem koma að kennslunni lesa sér einnig til ánægju á sama tíma og nemendur (Siah og Kwok, 2010, bls. 168–169).

Marzano (2004) er einn þeirra sem fjallað hefur um ávinning yndislestrar. Hann rannsakaði áhrif hans á lesskilning og í ljós kom að yndislestur hafði jákvæð áhrif á lesskilning þegar áætlunin varði lengur en í eitt ár (Marzano, 2004, bls. 43).

### 5.1 Árangursríkur yndislestur samkvæmt Pilgreen

Til þess að ná fram sem árangursríkustum yndislestri hefur Janice Pilgreen lagt fram átta mikilvæga þætti, þeir eru *aðgengi* (e. access), *efni sem vekur áhuga* (e. appeal), *stýrt umhverfi* (e. conducive environment), *hvatning* (e. encouragement), *þekking starfsfólks á yndislestri* (e. staff training), *án ábyrgðar* (e. nonaccountability), *eftirfylgni* (e. follow-up activities) og *skipulagður yndislestrartími* (e. distributed time to read). Það sem átt er við með *aðgengi* (e. access) er að útvega þarf nemendum gott aðgengi að lestrarefni í skólastofunni. Kennari sér um að útvega lestrarefnið til dæmis með því að fá lánaðar bækur af bókasöfnum. Mikilvægt er að kennari sjái til þess að lestrarefnið hæfi öllum nemendum og höfði til þeirra. Með þeim hætti þurfa nemendur ekki að leita að lestrarefni utan skólatíma. *Efni sem vekur áhuga* (e. appeal) vísar til þess að nemendur séu hvattir til að lesa um það sem vekur áhuga þeirra. Frjálst val þeirra á lestrarefni þarf þó að hafa lestrargetu þeirra. Þriðji þátturinn er *stýrt umhverfi* (e. conducive environment) það sem átt er við með því er að andrúmsloftið þarf að vera rólegt og notalegt á meðan á yndislestri stendur. Þægileg sæti með púðum og rólegheit eru ákjósanlegar aðstæður við lestur á efni sem hægt er að sökkva sér í. *Hvatning* (e. encouragement) liggur í jákvæðri endurgjöf til nemenda um val á lestrarefni og virkni. Hvatninguna getur kennari látið í ljós með því að veita nemendum tækifæri til að ræða saman um lestrarefni sitt. Það er jafnframt áhrifamikið þegar kennari segir sjálfur frá skemmtilegu lestrarefni sem hann hefur lesið því áhugi kennara á eigin lestrarefni hefur áhrif. Mikilvægt er að starfsfólk skólanna þekki og skilji hugmyndina að baki yndislestri og átti sig á uppbyggingu vel heppnaðrar yndislestraraðferðar. Þegar talað er um *án ábyrgðar* (e. nonaccountability) er vísað til þess að nemendum eigi ekki að finnast þeir skyldugir til að klára eða sýna fram á árangur. Því markmið yndislestrar er að fá eins mikla ánægju út úr lestrinum og hægt er. *Eftirfylgni* (e. follow-up activities) byggist á því að nemendur fái hvatningu til að tengjast viðfangsefni textans. Það er til dæmis hægt með samtölum þeirra á milli um viðfangsefnið. Tilgangur eftirfyllgninnar er að hjálpa nemendum að tengjast viðfangsefni textans og skilja hann, ekki til þess að kanna frammistöðu eða hversu miklar upplýsingar sitja eftir. Skipulagður yndislestrartími samkvæmt Pilgreen ætti að vera í það minnsta tvisvar í viku í 20–30 mínútur í senn (Pilgreen, 2000, bls. 8–18).

## 5.2 R5 - Yndislestur

Kelley og Clausen-Grace (2006) höfðu áhyggjur af þeim hópi nemenda sem þóttust lesa, lásu orð og orð án þess að setja í þau merkingu og þeim sem eirðu sér ekki við lesturinn. Þær þróðu því áætlun um yndislestur í kennslu. Þróun þeirra snéri að ákveðinni gerð yndislestrar sem byggist á því að lesturinn hefði ríkan tilgang, væri markviss, hnitmiðaður, ánægjulegur og stuðlaði að aukinni námsvitund. Yndislestrarverkefni þeirra kallast R5 og stendur fyrir að lesa (e. read), slaka á (e. relax), ígrunda (e. reflect), taka saman, (e. respond) segja frá (e. rap). R5 yndislestur gengur út á að nemendur velji sér sjálfir lestrarefni sem þeir hafa tilbúið við upphaf kennslustundar. Nemendum var gert kunnugt um það frá upphafi að yndislestrarstundin ætti að fara í lestur en ekki flakk um stofuna í leit að nýrri bók eða klósettferðum. Þessar reglur reyndust vel samkvæmt Kelley og Clausen-Grace, þær virtust hjálpa nemendum við að slaka á og koma sér vel fyrir á meðan þeir lásu. Reglurnar gerðu það að verkum að þeir nemendur sem áður eirðu sér ekki við lesturinn voru einbeittari því valið stóð aðeins um að lesa eða þykjast lesa og langflestir völdu að lesa. Til þess að fylgjast með vali nemenda á lestrarefni og því hversu mikið hver las skráði kennari það niður. Með skráningunni gafst kennaranum færi á að aðstoða þá nemendur sem völdu efni sem hentaði þeim illa eða áttu í erfiðleikum með að finna bók sem höfðaði til þeirra. Í skráningunni fólst jafnframt hvatning því nemendurnir áttuðu sig á því að verið væri að fylgjast með þeim. Til þess að tryggja að nemendur tileinkuðu sér innihald textans skráðu þeir daglega niður dagsetningu, titil, höfunda og svör við spurningum og vangaveltum. Tilgangurinn var að ýta undir sjálfræði og ábyrgð nemenda í lestrinum. Dagbókarfærslur nemenda voru nýttar til að ræða um áhugaverð atriði sem nemendur höfðu skráð niður. Sessunautar unnu saman í pörum og sögðu sín á milli frá því sem þeir lásu byggt á vangaveltum þeirra. Bekkurinn vann í kjölfarið úr því sem fram hafði komið. Hlutverk kennara í umræðunum var að hrósa nemendum og hvetja sérstaklega þá sem þurftu á því að halda.

Kelley og Clausen-Grace komust að þeirri niðurstöðu að með því að styðjast við R5 yndislestur urðu miklar framfarir hjá nemendum í lestri. Rannsakendur bentu á nauðsyn þess að kennarar veiti lestrarvenjum nemenda eftirtekt og leiðbeini þeim til áframhaldandi þróunar í lestrinum. Þær telja eina öflugustu leiðina til þess að hvetja nemendur til yndislestrar vera þá að skapa aðstæður til að ræða saman um það sem lesið var. Nemendur reyndust mjög virkir í að skiptast á upplýsingum um lestrarefnið en það var sá þáttur í áætluninni sem hafði mest áhrif á þá sem áður þóttust lesa. Áhugi nemenda fyrir bókmenntum óx, þeir óskuðu eftir kaupum á sérstökum bókatitlum eða bókum eftir ákveðna höfunda fyrir skólabókasafnið og vildu fá meiri tíma til yndislestrar í skólanum. Áhuginn sýndi sig líka heima fyrir því

nemendur báðu foreldra sína um kaup á nýjum bókum (Kelley og Clausen-Grace, 2006, bls. 148–156).

Af ofangreindri umfjöllun má sjá að yndislestur í kennslu getur verið góður kostur sé hann vel útfærður og fylgt eftir á markvissan hátt í dagsskipulagi kennslunnar. Ávinningur yndislestrar í kennslu eykst eftir því sem unnið er lengur með hann sem fastan lið í kennslunni. Afraksturinn skilar sér í auknum áhuga, jákvæðara viðhorfi og framförum í lestri.

## 6 Hugmyndabanki

Hugmyndabankinn er unnin út frá þeim fjölda rannsókna sem greint hefur verið frá. Ástæða er til að staldra við, veita ákveðnum þáttum athygli og leita leiða til þess að efla þá í skólafarfinu og heima fyrir. Það er ljóst að efla þarf virkni nemenda í lestri og fá þá til að líta á lestur sem ánægjulega iðju. Samkvæmt Harvey og Goudvis (2007, bls. 13–15) er grundvallaratriði virks lestrar að lesa, skrifa, teikna, tala saman og hlusta. Virkur lestur getur blómstrað í skólafarfinu fullri af áhugasömum og virkum nemendum, það byggist ekki eingöngu á kennaranum heldur veiga nemendur þungt í að skapa þær aðstæður. Þegar nemendur segja frá því sem þeir eru að lesa og ræða um það í skólafarfinu geta þeir kveikt áhuga hvers annars, því eru skoðanir, hugmyndir og hugsanir þeirra mjög mikilvægar.

Eftirtaldir þættir hafa allir áhrif á virkni og áhuga nemenda á lestri.

- Drengir hafa ekki eins mikinn áhuga á lestri og stúlkur
- Drengir og stúlkur sækjast eftir ólíku lestrarefni
- Lestur drengja einkennist af upplýsingaleit
- Lestrarfyrirmyndir af sama kyni hafa áhrif á lestrarvenjur
- Lestraráhugi barna minnkar þegar líður á grunnskólagöngu
- Foreldrar hafa mikil áhrif á lestrarvenjur barna sinna
- Umfjöllun meðal samnemenda um bækur hvetur til yndislestrar
- Þegar nemendur lesa af innri áhuga njóta þau lestarsins
- Áhugi og viðhorf tengist árangri í lestri
- Sjálfstraust skiptir miklu máli í lestri
- Uppbyggileg hvatning og hrós getur ýtt undir bættan árangur í lestri
- Yndislestur sem hluti af kennslu hefur jákvæð áhrif á lestur barna
- Þekking og áhugi kennara á bókum hefur jákvæð áhrif á viðhorf barna til lestars

Hér á eftir koma fram hugmyndir að því hvernig efla megi virkni og áhuga nemenda á lestri, ekki síst með ofangreinda þætti í huga. Sá hópur sem ber sérstaklega að horfa til eru drengir og þeir sem eiga erfitt með að tileinka sér lestur. Hugmyndirnar er hægt að útfæra eftir þroska og aldri grunnskólabarna. Í upphafi verður greint frá eiginleikum samvinnunáms og bókaklúbba sem geta ýtt undir áhuga nemenda og hvatningu meðal samnemenda. Því næst er sett fram hugmynd að áhugasviðskönnun, hún nýtist við að koma auga á þætti sem hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á áhuga og virkni í lestri. Tekin verða dæmi sem byggja á könnuninni og bent á leiðir til framþróunar í takt við þarfir nemenda.

Ein leið til þess að gera lestri hátt undir höfði er að skipuleggja ákveðna daga á skóladagatali sem lestrardaga og verður sú hugmynd og útfærsla hennar kynnt hér á eftir.

Foreldrar eru ómissandi þátttakendur í lestrarferli barna. Bent verður á leiðir til foreldrasamstarfs, þar á meðal er foreldrafundur sem byggist á kynningu á mikilvægum upplýsingum sem snúa að lestri barna. Bókaklúbbur fjölskyldunnar er ein af þeim leiðum sem bent er á og ýtir undir samskipti barna og foreldra um bækur. Að lokum verður greint frá bekkjarsíðu sem helguð er umfjöllunum um barna- og unglingsbækur, síðan er vettvangur foreldra, barna og kennara til samskipta um áhugavert lestrarefni.

Markmið hugmyndabankans er að benda á leiðir til að efla lestraráhuga og hjálpa nemendum að upplifa lestur sem áhuga- og eftirsóknarverða iðju.

## **6.1 Samvinnunám**

Samvinnunám (e. cooperative learning) er ein gerð hópvinnumbragða þar sem nemendur deila ábyrgð í náminu. Aðferðin getur haft jákvæð áhrif á félagsleg samskipti, námsárangur og viðhorf. Meðal eiginleika og kosta samvinnunáms eru:

- Í hópnum skapast samkennd í stað samkeppni sem leiðir til aukins áhuga á viðfangsefninu.
- Samræður, ráðleggingar og leiðbeiningar meðal hópmeðlima leiða til betri þekkingar á viðfangsefninu
- Nemendur þjálfast í tjáningu, úrskýringum, ráðfæringum og rökræðum
- Samvinnan ýtir undir nýjar hugmyndir, sjónarhorn og dýpri skilning en nemendur öðlast í einstaklingsnámi.
- Félagsleg tengsl styrkjast með samvinnunámi og jákvætt viðhorf til annarra eykst.

- Umburðarlyndi og næmni fyrir skoðunum annarra og eykst.
- Með samstarfinu eykst sjálfstraust og sjálfsmýnd.
- Nemendur læra að tileinka sér lýðræðisleg samskipti (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 136–138).

Það felst í orðinu samvinnunám að tveir eða fleiri vinni saman í hóp. Með því að nýta samvinnunám í lestri geta nemendur lært hver af öðrum og með ómeðvituðum hætti geta þeir eflt viðhorf félaga sinna til lesturs. Hægt er að útfæra samvinnunám í lestri á marga vegu, ein leið er bókaklúbbar. Bókaklúbbar geta tekið á sig margar myndir en leggja þarf upp með markmið og finna leiðir að þeim.

### 6.1.1 Bókaklúbbar

Bókaklúbbar eru barnamiðaðir og drifnir áfram af þátttakendum sjálfum. Líttill hópur nemenda les sama lesefni og ræðir um það. Til þess að allir nemendur fái tækifæri til þátttöku í umræðum í bókaklúbbnum er hæfilegur fjöldi þrír til fimm nemendur (Rief og Heimburge, 2007, bls. 175–176).

Þegar bókaklúbbar eru settir saman þarf að horfa til þarfa nemenda. Kennari byrjar á því að meta styrkleika hvers um sig og val á lestrarefni. Dæmi um samsetningu klúbbs eru nemendur með svipuð áhugamál, af sama kyni, komnir álíka langt í lestrarferlinu eða nemendur sem eru komnir mislangt á veg. Mestu máli skiptir að nemendur innan hvers hóps geti unnið vel saman og að samsetningin henti þeim vel. Mikilvægt er að huga fyrst að markmiði bókaklúbba og para nemendur saman út frá því. Mismunandi samsetning hópa getur verið hjálpleg til að efla lesskilning, samvinnu og samskiptahæfni. Þegar skipt er í hópa er gjarnan horft til áhuga á sérstökum viðfangsefnum, þemu, tegund lestrarefnis eða höfunda (Rief og Heimburge, 2007, bls. 175–176). Hjálpargagn við skiptingu í klúbba getur verið áhugasviðskönnun sem sjá má í fylgiskjölum.

Verkferli innan bókaklúbba getur verið misjafnt það fer eftir markmiði, þroska og aðstæðum. Bókaklúbbar snúast þó ávalt um samskipti um lestrarefni. Nemendur undirbúa sig fyrir umræður bókaklúbbsins með því að skrá í dagbók hugrenningar sínar um það sem þeir lásu, teikna skýringamyndir eða leggja ígrundað mat á lesefnið. Nemendur hittast reglulega og hlusta á hvað hinir hafa um efnið að segja. Þeir ákveða svo hvað eigi að lesa og hversu mikið fyrir næsta fund bókaklúbbsins. Nemendur hvers klúbbs ræða saman um helstu atriði

lesefnisins og skiptast á skoðunum um það sem uppúr stendur. Að lokum segja þau öðrum samnemendum sínum frá efninu með kynningu (Rief og Heimburge, 2007, bls. 174).

Vegna sjálfræðis nemenda í tengslum við val á viðfangsefni, áhrifa sem þeir hafa innan hópsins og sambandsins milli lesturs og áhugasviðs eru auknar líkur á því að þeir njóti lestursins og lesi meira. Umræðurnar hafa mikið að segja og veita nemendum tækifæri til að öðlast nýja sýn, spyrja út í persónur eða ákveðna efnisþætti. Þegar nemendur lesa fræðibækur, eða annað sem ekki telst til skáldsagna geta þeir skipst á upplýsingum um atburði, fyrirbæri og fleira. Þegar nemendur stjórna hversu mikið þeir lesa sýna þeir oftast vinnusemi til þess að halda áætluninni. Fæstir vilja valda félögum sínum vonbrigðum því leitast þeir við að leggja sig fram. Ef nemendur dragast aftur úr þurfa þeir hvatningu frá félögum sínum í klúbbum til þess að halda áfram og aðstoð við að ljúka verkefninu. Nemendur deila ábyrgðinni í náminu og taka virkan þátt. Í upphafi tekur hver nemandi áhættu, prófar sig áfram í sjálfræði sínu og þegar hann fær jákvæð viðbrögð finnur hann fyrir eigin velgengni og í kjölfarið styrkist sjálfstraust hans (Rief og Heimburge, 2007, bls. 174).

## **6.2 Áhugahvöt og viðhorf**

Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um tengsl milli áhugahvatar og námsárangurs. Ein leið til þess að festa fingur á áhugahvöt nemenda er að leggja spurningalista fyrir þá sem hver og einn svarar fyrir sig. Hér verða lagðar fram hugmyndir að tveimur spurningalistum, sem sjá má í fylgiskjöllum 1 og 2. Annar snýr að viðhorfum til lesturs og nefnist *viðhorfskönnun* hinn listinn kallast *áhugasviðskönnun* og varpar ljósi á áhugahvöt, þekkingu, lestrarvenjur og lestrarfyrirmyndir. Listarnir geta verið kennurum hjálplegir til þess að aðstoða nemendur við að efla viðhorf og tengja lestur við áhugamál sín og þekkingu. Það er liður í því að veita áhugahvöt aukið vægi í lestrarnáminu. Svörin geta kennarar annarra námsgreina einnig nýtt.

### **6.2.1 Viðhorfskönnun**

Tilgangur viðhorfskönnunarinnar er að varpa ljósi á líðan og hugarfar í tengslum við lestur. Þegar unnið er úr könnuninni gefst kennara færi á að átta sig á mikilvægum þáttum sem hafa áhrif á virkni nemenda í lestri. Í kjölfarið getur kennari brugðist við niðurstöðunum, byggt upp þætti sem bæta má og eflt enn frekar þá þætti sem þegar kalla fram jákvætt viðhorf. Með þessu móti er unnið að því að ýta undir virkni í lestri og glæða áhuga.

Viðhorfskönnunina má nálgast í fylgiskjali 1.

### **6.2.1 Áhugasviðskönnun**

Könnun sem lítur að áhugamálum nemenda er leið til að ná fram hugarflugi þeirra um eigin löngun, ánægju og áhugahvöt. Þegar könnun sem þessi er lögð fyrir þarf að huga að aldri og þroska nemenda og velja úr þær spurningar sem eiga best við.

Fyrstu spurningarnar snúa að áhugasviði og daglegu lífi nemenda, svör við þeim ættu að gefa ágæta mynd af innri áhuga og þekkingu. Síðari hluti könnunarinnar inniheldur spurningar sem snúa að lestrarvenjum nemenda og lestrarfyrirmyndum. Markmiðið er að nýta svörin til að komast að mögulegum orsökum fyrir áhugaleysi eða lítilli virkni í lestri. Spurningarnar eru 37 talsins þær ættu því ekki að vera lagður fyrir allar í einu heldur getur kennari valið og sett saman spurningalista sem hann telur henta hverju sinni. Æskilegt væri að leggja fyrir 10–15 spurningar í einu að hámarki.

Þegar unnið er úr svörum við spurningunum þarf kennari að vera greinandi og átta sig á samhengi milli lestrarvenja og áhugahvatar. Í fylgiskjali 2 má finna dæmi um mögulegar niðurstöður áhugasviðskönnunarinnar og sýnt fram á leiðir til að vinna úr þeim. Kennari þarf ávalt að hafa stöðu lesskilnings nemenda í huga og vinna sérstaklega með lesskilningsaðferðir sé þess þörf.

### **6.3 Áhugavakning á lestri í kennslu**

Eins og greint hefur verið frá liggur hlutverk kennara að miklu leyti í hvatningunni, þeir eru nemendum sínum fyrirmyndir og hefur því viðhorf þeirra til lesturs mikið að segja. Kennarar þurfa ekki aðeins að kenna nemendum að lesa heldur einnig að sýna þeim fram á mikilvægi þess og ánægjuna sem af því hlýst. Hér verða nefndar nokkrar leiðir fyrir kennara til að stuðla enn frekar að því að efla viðhorf nemenda til lesturs og vekja áhuga þeirra.

#### **6.3.1 Upplestur kennara**

Mikilvægt er að lesa fyrir nemendur, ekki einungis yngstu bekkji heldur einnig eldri bekkji grunnskóla. Kennari þarf að taka mið af aldri og áhuga nemenda þegar lesefni er valið. Kennari þarf einnig að leggja sitt af mörkum við að gera lesturinn áhugaverðan til dæmis með raddbeitingu. Gott er að ræða um einstök atriði bókarinnar eins og athyglisverð, fyndin, sorgleg eða spennandi atvik í sögunni. Þegar lesið er fyrir nemendur kynnast þeir meðal annars nýjum bókum, höfundum, auka þekkingu og fá betri tilfinningu fyrir málinu. Í kjölfarið gæti áhugi kviknað meðal nemenda á því að lesa bók af svipuðum toga, eftir sama höfund og síðast en ekki síst átta þau sig á ánægjunni sem hlýst af lestri góðrar bókar.



### 6.3.2 Umræður í skólastofunni

Að ræða um og þekkja bækur og annað lesefni er mikilvægt í kennarastarfinu. Áhugi kennarans getur smitað út frá sér en skapa þarf aðstæður og svigrúm til að hleypa umræðum um bækur ásamt fjölbreyttu lesefni af stað. Við umræðuna gæti kviknað löngun meðal einhverra í hópnun til að lesa í tengslum við það sem kennari eða samnemendur sögðu frá. Mikilvægt er að kennari veiti öllu því sem nemendur lesa athygli, og hafi í huga að fræðigreinin sem einn nemandi segir frá er ekki síður athyglisverð en skáldsaga sem annar nemandi greinir frá. Þegar öllu lestrarefni er gert jafn hátt undir höfði öðlast þeir nemendur sem síður velja til dæmis skáldsögur viðurkenningu á því sem þeir lesa. Hér er sérstaklega vísað til drengja sem kjósa heldur að lesa tímarit, dagblöð, íþróttatengt efni eða annað í tengslum við áhugamál þeirra.

### 6.3.3 Málefni líðandi stundar tengd við lestur

Áhugi nemenda getur tekið nýja stefnu og beinst til að mynda að málefnum líðandi stundar. Það er mikilvægt að kennari grípi slík tækifæri og tengi lestri, skapi umræðu og hvetji nemendur. Sem dæmi gætu ýmsir íþróttaviðburðir vakið áhuga eins og ólympíuleikar, heimsmeistaramót, Evrópumót, Íslandsmót og margt fleira. Þegar lesið er í tengslum við slík viðfangsefni koma margar gerðir lesefnis til greina, ekki síst tímarita- og dagblaðalestur auk lesturs á internetinu. Kjörið er að vinna með ritun í tengslum við viðfangsefnið með því fá nemendur æfingu í úrvinnslu textans, það veitir þeim tækifæri til ígrundunar á lesefninu sem leiðir til þjálfunar á málnotkun og aukins skilnings.

Fjöldi kvikmynda hafa verið gerðar eftir skáldsögum en slíkt samspil getur verið kjörið tækifæri til lesturs og ritunar, sem fælist í því að lesa bókina og horfa síðar á kvikmyndina eða öfug. Verkefni sem unnin eru í kjölfar lestursins geta falist í frásögn, kynningu, ritdómi og fleira. Tilvalið er að efla þá sem ekki festast við lestur skáldsagna að leita heimilda um verkið og greina frá ýmsu sem viðkemur sögunni og fjalla um hvernig unnið var úr henni við gerð myndarinnar. Á þann hátt gefst gott tækifæri til að vinna með viðfangsefni sem hægt er að nálgast með ólíkum hætti. Vinna sem þessi veitir ekki síður þeim nemendum sem eiga í lestrar eða lesskilnings erfiðleikum færi á að tengjast viðfangsefninu út frá myndinni og að lesa styttri greinar sem tengjast skáldsögunni. Með þessum hætti gefst kostur á félagslegum samskiptum meðal nemenda en sam- og rökræður um efnið gætu leitt til þess að þau kveiki áhuga hvers annars á lestri.

## 6.4 Bókadagar á skóladagatalinu

Kennari getur í samstarfi við aðra kennara skólans brotið upp hefðbundið skólastarf á ákveðnum dögum yfir skólaárið og tileinkað þá bókmenntum og lestri. Tillögur eru gerðar að tveimur dagsetningum það er 16. nóvember, dagur íslenskrar tungu og fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar og 23. apríl sem er alþjóðlegur dagur bókarinnar. Á þeim dögum klæðist skólinn bókabúningi og lesefni þarf að vera aðgengilegar um allan skóla. Allt húsnæði skólans er nýtt undir lestur með dýnum, púðum og fleiru sem sýnir fram á notalega lestrarstund. Rithöfundar koma í heimsókn, lesa upp úr bókum sínum og heimsækja skólastofurnar sem skreyttar eru í tilefni dagsins með rit- og myndverkum nemenda. Aðrir þekktir einstaklingar samfélagsins gætu einnig komið og lesið uppúr sinni uppáhalds bók eða sagt frá.

Þegar kennari les fyrir nemendur þessa daga væri hægt að gera það með öðru sniði en venja er. Sem dæmi gæti kennari verið búinn að koma upp tjaldi inni í skólastofunni þar sem nemendur og kennari sitja saman og lesa. Á degi bókarinnar í apríl er tilvalið að fara í skrúðgöngu til að fagna deginum. Skrúðgangan ætti að bera þess merki að verið sé að fagna degi bókarinnar. Nemendur gengju með spjöld sem líkjast bókum, með fleygum setningum, þekktum höfundum, nöfnum þekkttra sögupersóna, bókstöfum og fleira sem nemendum dettur í hug. Umgjörðin á að minna á bækur og lestur ásamt gleði og ánægju.

## 6.5 Foreldrasamstarf í yndislestri

Foreldrar eru afar mikilvægir aðilar í lestrarferli barna. Kennarar þurfa að stuðla að öflugu foreldrasamstarfi sem lýtur sérstaklega að því að auka áhuga og virkni nemenda í lestri. Cecil (2007, bls. 279) álitur að aðstæður sem kennarar helst kjósa sé skólastofa full af nemendum sem eiga foreldra eða forsjáraðila sem umhugað er um lestrarfærni þeirra.

Nánar verður greint frá hugmyndum sem efla eiga þátttöku foreldra í lestri barna. Markmiðið er að foreldrar átti sig á hlutverki sínu, mikilvægi þeirra og ávinning af því að börn öðlist jákvætt viðhorf til lesturs.

### 6.5.1 Foreldrafundur

Haldinn er foreldrafundur þar sem fjallað er um yndislestur og mikilvægt hlutverk foreldra. Kennari reynir að ná til sem flestra, allir sem á fundinn koma fá upplýsingar í stuttum setningum um mikilvægi forþekkingar, áhugahvatar og lestrarfyrirmynda. Þeir sem ekki komast á fundinn fá upplýsingarnar í pósti því mikilvægt er að öllum foreldrum sé kunnugt um þessa þætti. Kennari bendir á mikilvægi þess að eiga gott samstarf við þau varðandi yndislestur barnanna. Hann kynnir áhugasviðskönnunina fyrir foreldrum og fjallar um þá þætti sem snúa að lestrarvenjum heimilanna. Kennari greinir sérstaklega frá mikilvægi feðra í

námi barnanna og vísar til rannsókna sem styðja það. Fundur sem þessi er mikilvægur þáttur í því að efla virkni og áhuga á lestri en eins og Nanna Kristín Christiansen (2010, bls. 44) segir „Skólinn og foreldrar þurfa að hafa sama skilning á því hvaða færni og þekkingu nemendur þurfa að tileinka sér til framtíðar“.

Kennari mun á foreldrafundinum fara yfir þætti sem snerta lestrarnám barna og er mikilvæg vitneskja fyrir alla foreldra. Þættirnir snúa að forþekkingu, lestrarfyrirmyndum og áhugahvöt.

### 6.5.2 Forþekking

- Þekking, orðaforði og málskilningur barna eykst þegar lesið er fyrir þau (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 72).
- Draga þarf athygli barna að orðum sem koma fyrir í texta og útskýra merkingu þeirra og tala við þau auðugt mál með því eykst málskilningur þeirra sem er undirstaða lesskilnings (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 72).
- Lesandi skilur ekki það sem hann les, án þess að hugsa um það sem hann veit fyrir (Harvey og Goudvis, 2007, bls. 17).
- Rannsóknir hafa sýnt að þegar lesið er um þekktar eða óþekktar aðstæður fyrir börn öðlast þau skilning og reynslu sem nýtist þeim við að skilja texta sem þau síðar lesa sjálf (Bergljót Vilhelmína. Jónsdóttir, 2010, bls.17–18; Cecil, 2007, bls.149; Harvey og Goudvis, 2007, bls. 17).

### 6.5.3 Lestarfyrirmyndir

- Foreldrar eru lestrarfyrirmyndir barnanna og afar mikilvægir í lestraruppeldi þeirra (Clark, 2009, bls. 3)
- Börn sem alin eru upp við lestur og bækur standa sig betur í námi (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010, bls. 61).
- Þegar börn og unglingar sjá foreldra sína lesa sér til ánægju eru auknar líkur á því að börnin líti jákvæðum augum á lestur og lestrarkennslu (Clark og Hawkins 2010, bls. 6).
- Samskipti barna og foreldra um bækur hefur áhrif á færni þeirra og viðhorf til lesturs (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2012, bls. 89).

- Að lesa með börnum og fyrir þau er ekki síður mikilvægt á miðstigi en yngsta stigi leik- og grunnskóla
- Rannsóknir hafa sýnt að lestrarvenjur beggja foreldra hafa mikil áhrif á áhuga og lestrarargetu barna (Clark, 2009, bls. 6).
- Pabbi hvað ert þú að lesa? Feður geta haft áhrif á lestrarvenjur sona sinna, áhuga og val á lestrarefni (Ingibjörg Auðunsdóttir, í prentun).
- Börnin læra af foreldrum sínum að lestur er skemmtileg, ánægjuleg og notaleg afþreying sem er þess virði að tileinka sér

#### 6.5.4 Áhugahvöt

- Hvatning í lestri liggur í því að veita börnum tækifæri til að velja sér lestrarefni út frá áhuga (Guthrie, 2011, bls. 187).
- Yndislestur skilar árangri þegar börn hafa áhuga á því sem þau lesa (Hughes–Hassell og Rodge, 2007, bls. 22).
- Sýna tómstundum barna áhuga og hvetja þau til að tengja lestur við áhugamál sín.
- Taka hugmyndum barna að lestrarefni fagnandi og hvetja þau til lesturs
- Foreldrar ættu að kynna sér vinsælar barna- og unglingsbækur, nýútkomnar, eftir ákveðna höfunda eða sem hlotið hafa verðlaun tala um þær við börn sín og sýna lestrarvenjum þeirra áhuga (Clark og Hawkins 2010, bls. 5–6).

#### 6.5.5 Bókaklúbbur fjölskyldunnar

Foreldrar eru hvattir til þess að tala um bækur við börn sín og sýna í verki ánægjuna sem hlýst af því að lesa góða bók. Bókaklúbbur er kynntur fyrir foreldrum og þau beðin um þátttöku í honum með barni sínu. Foreldrar og börn lesa sömu bókina en foreldrum er greint frá því að vel skrifuð og góð barnabók er ekki síður ánægjuleg fyrir þau. Með lestrinum geta foreldrar og börn skapað sameiginlega þekkingu um bók, rætt um atburði, persónur og fleira. Foreldrum er bent sérstaklega á að með því að ræða saman um innihald textans eflist skilningur barnanna. Í kjölfar verkefnisins gætu foreldrar og börn tileinkað sér að ræða saman um bækur. Með umræðum og samlestri geta börn öðlast jákvæðara viðhorf til lestrar sem skilar sér í auknum áhuga og virkni í lestri.

Kennari segir foreldrum frá bókalista sem hann hefur komið fyrir á bekkjarsíðu á heimasíðu skólans. Tilgangur hans er að hjálpa foreldrum og nemendum að leita að lesefni.

### **6.5.6 Bekkjarsíða um barna- og unglingsbækur og aðrir tenglar**

Tengill á bekkjarsíðu sem tileinkaður er barna- og unglingsbókmenntum þarf að vera fjölbreyttur og aðgengilegur. Auk bókalista þurfa að vera ýmsar upplýsingar eins og fréttir af nýjum og eldri barnabókum, barnabókaverðlaunum og bókaáhrifum. Foreldrar eru hvattir til þess að senda kennara póst með upplýsingum eða fréttum um barnabækur til dæmis sem þeir eða börn þeirra hafa lesið. Kennari setur það inn á síðuna því hún er hugsuð sem samansafn upplýsinga sem gagnast foreldrum, kennurum og nemendum. Á bekkjarsíðunni eru jafnframt birtar vefslóðir um íslenskar barna- og unglingsbækur. Hugmyndir að vefsíðum eru eftirfarandi:

Heimasíða með ritdómum frá börnum. Hún hentar vel í leit að bókum sem aðrir krakkar hafa lesið <http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>

Fréttir af bókmenntaverðlaunum, leit að verkum eftir ákveðna höfundum eða nöfnum bóka <http://www.bokmenntir.is>

Listi yfir 100 bestu barnabækurnar samkvæmt starfsfólki bókasafna í apríl 2012. Á síðunni eru bæði nýjar og gamlar bækur og geta gefið hugmyndir að bókum til að lesa fyrir og með börnum. [http://www.upplýsing.is/FileLib/skjallasafn/100\\_bestu\\_barnab%C3%A6kurnar.pdf](http://www.upplýsing.is/FileLib/skjallasafn/100_bestu_barnab%C3%A6kurnar.pdf)  
Félsbókasíða Barnabókaseturs sem er rannsóknasetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri.

<http://www.facebook.com/pages/Barnab%C3%B3kasetur/365369940140405>

Barnabækur flokkaðar eftir aldri lesenda hjá Eymundsson

<http://www.eymundsson.is/baekur/barnabaekur/>

Íslenskar rafrænar bækur <http://www.emma.is/collections/barnabaekur>

## **7 Umræða**

Í fræðilegum hluta þessarar ritgerðar hefur verið greint frá rannsóknum og fræðigreinum sem varpa ljósi á þætti sem hafa áhrif á áhuga og virkni í lestri. Það er mikilvægt að horfa til rannsókna sem lúta að lestri og lestrarvenjum barna og taka mið af niðurstöðum þeirra þegar leitað er leiða til að ýta undir lestraránægju og auka virkni. Hér verða dregnir saman þeir þættir sem hjálpa til við að fanga það sem fram hefur komið og varpa ljósi á áhrifaþætti í ánægjulegri upplifun af lestri. Dregnar verða ályktanir, greint frá mögulegu rannsóknarefni og

sagt frá hugmyndum byggðum á fræðikaflanum sem snúa að hvatningu til lesturs og eflingu áhuga.

## **7.1 Um lestur**

Það er eftirsóknarvert að ná því markmiði að geta lesið sér til uppfræðslu og yndis. Það gerist hvorki á einni nóttu né án handleiðslu. Eins og Þóra Kristinsdóttir (2000, bls. 186) greinir frá er lestur vitsmunalegt ferli og því hverjum einstaklingi háð hvernig upplifun, virkni og framvinda hans er. Sjón, heyrn, málþroski, einbeiting, athygli, áhugi, hvatning, sjálfsímynd, aðstæður heima fyrir og viðhorf, lestrarfyrirmyndir, vinnuhópurinn, kennarar og kennsluáðferðir eru allt þættir sem huga þarf að og tengjast vitsmunalegum þáttum lestrar.

Það er vissulega markmið lestrar að ná góðum leshraða og lesskilningi, með auknum hraða og góðum skilningi kemst lesandi frekar yfir að lesa það sem hugurinn gírnist og eykur við þekkingu. Leshraði og lesskilningur eykst með aukinni æfingu en eins og Guðmundur B. Kristmundsson (2010, bls. 9) segir þá er mikilvægt að börn njóti lesturs frá fyrstu tíð. Í skólum er leshraði og lesskilningur mældur og unnið út frá honum hvað varðar lestrarefni og kennsluáðferðir. Það er hins vegar ekki til mælitæki sem mælir ánægju af lestri en það er sá þáttur sem kennarar og foreldrar þurfa að stuðla að með markvissum hætti. Ánægjuna má tengja við marga af þeim vitsmunalegu þáttum sem nefndir hafa verið og tengjast viðhorfi og virkni sterkum böndum. Það ætti að vera auðvelt að hlusta eftir löngunum barna, áhuga og vera þeim góð fyrirmynd í lestrarvenjum allt frá fyrstu tíð. Sú undirbúningsvinna er grunnstoð lestrarferlisins, börn geta á þann hátt hafið eiginlegt lestrarnám sitt með jákvætt viðhorf og góða þekkingu í farteskinu. Fyrri þekking og reynsla er áhrifarík þáttur í lestrarnáminu en eins og kom fram hjá þeim Harvey og Goudvis (2007, bls. 17) á lesskilningur sér ekki stað án tengingar við fyrri þekkingu og reynslu.

## **7.2 Lesskilningur**

Lestur og lesskilningur eru tengdir órjúfanlegum böndum því þegar lesskilningur er ekki til staðar nýtur lesandi síður lestursins. Lestrarnám snýr því ekki aðeins að umskráningu bókstafa í hljóð, orð og setningar heldur einnig að skilja innihald textans. Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir (2010, bls. 34,72) bendir á að lesskilningur tengist úrvinnslu tungumálsins því haldast erfiðleikar í les- og málskilningi í hendur. Auka má málskilning með auðugu málumhverfi sem felst meðal annars í að lesa fyrir börn, efla til sam- og rökræðna, fjalla um ný orð og skýra merkingu þeirra.

Þegar lesandi nær ekki að tengja lesefnið við forþekkingu sína og reynslu má ætla að lesturinn verði honum torveldur og kveiki ekki löngun til frekari lestrar. Það hefur því mikið að segja að vinna stöðugt að eflingu þekkingar í málinu, með upplestri fyrir börn og ríkulegu málumhverfi. Þegar lesandi býr yfir nægilegri forþekkingu til þess að skilja inntak texta tengist forþekking nýjum upplýsingum og úr verður lesskilningur sem eykur enn frekar við þekkingu, forþekkingu sem lesandi getur síðar byggt skilning sinn á. Mikilvægt er að bæði foreldrar og kennarar átti sig á ávinningi upplestrar ekki síst, því hann getur haft mikil áhrif í áhugavakningu og skapað jákvætt viðhorf til lestrar.

Þegar líður á grunnskólagönguna er námsefnið í æ ríkari mæli í formi lesefnis og markmið með lestrinum er að taka námsefnið föstum tókum, skilja hvað í því felst og hvaða þýðingu það hefur (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls.17–18 og Rósa Eggertsdóttir, 1998, bls. 23).

Það er því mikið áhyggjuefni þegar lesskilningur er ekki nægilega góður en fylgja þarf hverjum nemanda eftir til þess að ýta undir skilninginn með viðeigandi lesskilningsaðferðum, málörvun og vera vakandi fyrir örðum áhrifaþáttum svo sem áhugahvöt og virkni. Eins og fram hefur komið standa drengir stúlkum ekki jafnfætis í lesskilningi (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010, bls. 3,7, 33 og 45). Fjöldi rannsókna sem greint var frá í ritgerðinni sýndu fram á slakari frammistöðu drengja á heimsvísu í lesskilningi, virkni og áhuga á lestri. Þegar ákveðna hópa skilur að þarf að horfa á samhengið og komast að sameiginlegum þáttum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á framgöngu, virkni og áhuga.

### **7.3 Kynjamunur í lestri**

Samkvæmt rannsóknum hafa drengir í samanburði við stúlkur minni ánægju af lestri, lesa minna og lesskilningur þeirra er slakari (Almar M. Halldórsson, 2011, bls. 16; Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010, bls. 3,7, 33 og 45; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012 bls. 81). Fram kom í rannsókn Ingibjargar Auðunsdóttur (í prentun) að munur er á áhugasviði drengja og stúlkna og að áhugi á lestri eykst þegar efnið tengist áhugasviðinu.

Það er mikilvægt að vinna út frá niðurstöðum sem þessum þegar efla á áhuga drengja á lestri. Þegar kennari leitar markvisst eftir áhugahvöt nemenda getur hann nýtt áhugasviðsverkefni, áhugasviðskönnun eða umræður. Hann getur jafnframt lesið í áhugasvið nemenda í daglegum störfum þeirra í skólanum. Sem dæmi með því að skoða teikningar, taka mið af skapandi skrifum nemenda og veita samtölum þeirra athygli. Þegar kennari nýtir

umræður í þeim tilgangi að komast að áhugamálum nemenda gæti hann meðal annars hafið umræðu um óskir um framtíðarstarf, upplifun, drauma, íþróttaiðkun, sjónvarpsefni, leikara, hljómsveitir eða hvað annað sem getur varpað ljósi á áhugasvið þeirra. Í kjölfarið getur kennari nýtt upplýsingarnar til að hjálpa nemendum að leita lesefnis sem höfðar til þeirra. Sem dæmi gæti kennari komist að því að strákur, sem les lítið hefur mikinn áhuga á körfubolta en hefur aldrei lesið í tengslum við hann. Í dæmi sem þessu verður til sóknarfæri til hvatningar í lestri og kennari getur bent á lestur í tengslum við körfubolta í tímaritum, bókum eða á veraldarvefnum. Dæmi sem þetta er hægt að heimfæra á flest áhugamál en eins og Hébert og Pagnani (2010, bls. 38) benda á þá nýta drengir texta oft í þeim tilgangi að leita upplýsinga.

Það er mjög mikilvægt að horfa til skóla þar sem nemendum gengur vel í lestri og draga lærdóm af. Í því sambandi er sjónum beint að Garðaskóla í Garðabæ en þar var ekki mælanlegur munur milli kynja í lesskilningi árið 2009. Lestrarvenjur þar voru frábrugðnar öðrum skólum en drengirnir í Garðaskóla unnu meira með túlkun bókmenntatexta, sóttu oftast bókasöfn, lásu fjölbreyttara efni og unnu meira með ósamfellda texta. Það vekur jafnframt athygli að drengirnir lögðu meiri stund á úrvinnslu texta en stúlkurnar í skólanum (Almar M. Halldórsson, 2012, bls. 5–6)

Þegar lítið er til rannsókna sem fjalla um ólíka frammistöðu kynjanna og vísa til þess að nemendur beggja kynja sitji sömu kennslustundir og læri það sama má velta fyrir sér hvort drengir þurfi ekki á meiri tíma að halda til úrvinnslu texta líkt og gert hefur verið í Garðaskóla. En eins og fram kemur í skýrslu OECD (2010, bls. 13–14) þá nálgast drengir og stúlkur námið á ólíkan hátt. Byggt á niðurstöðum drengjanna í Garðaskóla og með vísan í OECD má ætla að drengir þurfi á meiri tíma að halda til vinnu með texta og ólíkar áherslur en stúlkur. Til þess að taka mið af ólíkum námsþörfum kynjanna gæti þurft að kynjaskipta að einhverju leyti kennslu í lestri og lesskilningi. Mikilvægt er þó að hafa í huga að innan kynja eru ólíkir einstaklingar og leggja þyrfti mat á hvort skipting eftir áhugasviði, frammistöðu í lesskilningi og fleira sem kennari kann að sjá líkt með nemendahópnum væri heppilegri en kynjaskipting.

#### **7.4 Nemendur á mið og elsta stigi grunnskóla**

Annar hópur sem huga þarf að eru nemendur á mið- og elsta stigi grunnskóla en eins og fram hefur komið fer áhugi og virkni nemenda minnkandi með aldrinum (Almar M. Halldórsson, 2011, bls. 16; Kristín Aðalsteinsdóttir o.fl., 2012, bls. 93). Það er áhyggjuefni að áhugi skuli dvína en til þess að bregðast við þarf að nýta meðal annars þær rannsóknir sem greint hefur



verið frá hér að framan. Ef litið er til rannsóknar Kristínar Aðalsteinsdóttur og félaga (2010, bls. 83, 104) kom í ljós að enn var lesið fyrir um helming barna sem voru á aldrinum 8–11 ára. Í rannsókninni kom fram að mikill meirihluti barnanna kunnu að meta þegar lesið var fyrir þau og þegar barnabókmenntir voru nýttar í kennslu. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að lestur fyrir börn hvetur þau til aukins lesturs og eflir viðhorf þeirra (Clark og Hawkins, 2010, bls. 6; Kristín Aðalsteinsdóttir o.fl., 2012, bls. 89; Siah og Kwok, 2010, bls. 169–173).

Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman liggur fyrir að hinir fullorðnu í lífi barna þurfa að skoða sinn þátt í því að halda lestri að börnum og viðhalda áhuga þeirra. Það er athyglisvert að horfa sérstaklega á þann árangursríka þátt foreldra að lesa fyrir börn sín. En þeir virðast draga úr lestrinum og jafnvel hætta honum alveg í kringum þann aldur sem börnin eru farin að lesa sjálf, sem er umhugsunarvert því á sama tíma dregur úr lestraráhuga barnanna. Af þessu má sjá að það er full ástæða til þess að halda lestri áfram fyrir börn eftir að þau geta lesið sjálf. Það kann þó að vera að foreldrum og forsjáraðilum barna sé ekki að fullu kunnugt um áhrif lestursins. Það er oftast fjallað um lestur fyrir börn sem gæðastund en gleymist gjarnan að nefna önnur gildi og ávinning. Það er afar brýn nauðsyn að senda hinum fullorðnu skýr skilaboð um hversu þýðingamikið er að lesa fyrir börn, það eykur ekki aðeins orðaforða, málskilning, lesskilning og tilfinningu fyrir sögubýggingu heldur fá börnin stuðning við að skapa sér lestrarvenjur, fá hugmyndir að áhugaverðu lestrarefni og átta sig á að lestur er eftirsóknaverð iðja. Með öðrum orðum öðlast þau jákvætt viðhorf til lestrar og áhuga þeirra er viðhaldið.

Ein leið til þess að lesa fyrir börn sem lesa sjálf er að skiptast á að lesa, foreldrar geta gripið inn í bók sem börnin eru að lesa og lesið einn og einn kafla fyrir þau. Slíkt fyrirkomulag hentar vel til dæmis þegar börn sýna bók áhuga en lestur hennar vex þeim í augum. Þegar lesið er fyrir börn, sem hafa sjálf náð góðum tókum á lestri skapast aðstæður til þess að ræða um það sem fram kemur í bókinni. Umræðan getur komið inn á þörf málefni til dæmis forvarnir, eineltismál, náungakærleika og margt fleira. Ávinningur samræðna um efnið felst auk þess í því að þegar kennarar og foreldrar hafa sýnt lesefni barnanna áhuga má reikna með auknum líkum á því að börnin segi þeim frá því sem þau lesa sjálf. Það er til dæmis með slíkum hætti sem lestri er gert hátt undir höfði, börnum sýnt fram á gildi þess að lesa og ýtt undir jákvætt viðhorf til lesturs.

## **7.5 Tölvunotkun og sjálfstraust**

Horfa þarf til fleiri þátta sem kunna að hafa neikvæð áhrif á árangur og áhuga á lestri. Þær Linnakyla og Malin (2004, bls. 245–246) fjölluðu um það sem einkennir nemendur sem sýna

slakan árangur í lestri. Nemendurnir hafa litla trú á eigin getu, eyða miklum tíma í tölvur, eru undir þrýstingi við að ná tilsettum námsárangri eða eiga erfitt með að einbeita sér. Þær bentu á mikilvægi þess að efla sjálfstraust barna og unglunga í tengslum við lestur en til þess þarf að koma á móts við þarfir hvers og eins, hrósa þeim og hvetja.

Þegar komið er til móts við nemendur er oft horft til þess að þeir fái námsefni við hæfi. Það er hins vegar mikilvægt að koma einnig á móts við nemendur í tengslum við áhugasvið þeirra. Í lestri ætti það að vera auðsótt með því að hvetja þá til lesturs á því sem hugurinn gírnist og hrósa þeim fyrir að velja sér lesefni sem þeir lesa sér til ánægju. Ef horft er til þeirra sem miklum tíma eyða í tölvur þarf að temja sér það viðhorf að lestur er ávalt af hinu góða. Taka þarf á móti tækninni með opnum huga og líta á hana sem tækifæri fremur en hindrun. Tölvur eru hluti af daglegu lífi okkar á 21. öldinni og nýta mætti þann áhuga sem börn og ekki síst unglingar hafa á notkun tölvu sem vettvang til lesturs. Með því væri áhuginn nýttur sem drifkraftur á lestur og eins og þær Linnakyla og Malin (2004, bls. 245) benda á þá er lestrarleikni haldið við þrátt fyrir að lestrarformið sé rafrænt.

Það er mikilvægt að nýta þann jákvæða þátt að lestrarleikni er viðhaldið með lestri á tölvutæku formi. Ef leiðin til þess að auka virkni í lestri er að lesa rafrænan texta þarf að velja hana. Það er ljóst að með æfingu eykst leshraði, þekking og lesskilningur, því ætti öll þjálfun að vera af hinu góða. Möguleikarnir til úrvinnslu texta eru fyrir hendi hvort sem lesin er bók, tímarit eða upplýsingar af vefnum. Með því að vinna úr textanum gefst nemendum meðal annars kostur á að auka við skilning sinn, upplifa val sitt á lestrarefni mikilvægt og fá hvatningu til lestrar á eigin hugðarefnum. Það gæti verið liður í því að vekja áhuga á lestri og efla sjálfstraust nemenda.

Það væri vert rannsóknarefni að kanna hvort lestrarvenjur batna breytist þegar þau eldast og þroskast, hvort þau kjósi að taka sér bók í hönd sem fullorðnir einstaklingar þrátt fyrir mikla tölvunotkun á unglingsárum. Það má reikna með því að ef lestrarleikni þeirra er haldið við með því að mæta þeim þar sem áhuginn liggur og veita lestri af internetinu vægi, muni þau lesa af fúsum og frjálsum vilja síðar því þjálfunin gerir það að verkum að getan er til staðar.

Draga má þá ályktun af þeim rannsóknum sem greint hefur verið frá og rætt um að þeir hópar sem skortir áhuga, virkni og ánægju í lestri eru drengir, nemendur á mið- og elsta stigi grunnskóla, þeir sem eyða miklum tíma í tölvur og þeir sem hafa lítið sjálfstraust í tengslum við lestur. Þessa hópa þarf að halda vel utan um, hvetja og efla til aukinnar virkni í lestri, það er hægt með því að auka vægi áhugahvatar og horfa á lestrarefni í víðara samhengi en oft tíðkast.

## 7.6 Áhugahvöt og lestrarvenjur

Eins og komið hefur fram hefur áhugi og hvatning mikið að segja í tengslum við lestur. Hugtakið áhugahvöt samanstendur af hvatningu, viðhorfum og markmiðum, þegar einstaklingur sinnir verkefni út frá áhugahvöt er það drifið áfram af áhuga hans. Áhugahvöt getur stafað af innri áhuga sem býr innra með hverjum og einum og án utanað komandi áhrifa eða af ytri áhuga sem stjórnast af umbun (Ryan og Deci, 2000, bls. 54).

Þeir Ryan og Deci (2000, bls. 57) telja áhugahvöt til andlegra þarfa mannsins og benda á að þátttaka í áhugaverðum verkefnum auki við ánægju og telja mikilvægt að veita verkefnum sem tengjast áhuga sem flestra aukið gildi, ekki síst í efri bekkjum grunnskóla en þá virðist draga úr vægi áhugahvatar í náminu. Guthrie (2011, bls. 187–188) bendir á leið til að auka við áhuga á lestri hann telur að frjálst val á lestrarefni nemenda feli í sér hvatningu og sjálfræði og að ánægjan með valið sýni sig í áhuga nemenda.

Leiðir til þess að auka virkni og áhuga nemenda í lestri geta verið fjölbreyttar. Áhugahvöt er sá þáttur sem getur gegnt veigamiklu hlutverki til aukinnar virkni og ánægju á lestri. Þegar kennarar hafa aflað sér upplýsinga um áhugahvöt nemenda er mikilvægt að þeir nýti það sem þeir hafa kynnt sér til þess að auka lestraránægju og um leið virkni. Kennarar gætu verið nemendum innan handar en mikilvægt er að þeir átti sig á að persónulegt val nemenda á lestrarefni ýtir undir forvitni og löngun þeirra í lesturinn. Leiðbeiningar kennara ættu því að liggja í hvatningu til aukins lesturs á viðfangsefni sem vekur áhuga þeirra. Það má ætla að það geti haft jákvæð áhrif á þá sem lesa lítið, njóta þess ekki að lesa eða eru áhugalausir. Með aukinni þjálfun eykst lestrarleikni en áhugahvöt getur spilað mikilvægan þátt í hvatningu til aukinnar þjálfunar. Það er afar mikilvægt að ljá áhugamálum barna eyra og hvetja þau til þess að lesa um hugðarefni sín. Þó svo að áhugi sé til staðar hjá nemendum gætu kennarar þurft að hjálpa þeim að tengja áhugamál lestri og sýna fram á möguleika á fjölbreyttu lestrarefni. Það gæti til dæmis kallað fram jákvætt viðhorf drengja því eins og Hébert og Pagnini (2010, bls. 37–39) greindu frá sækjast drengir og stúlkur eftir ólíku lestrarefni og lesa í ólíkum tilgangi, drengir leita til að mynda fremur eftir upplýsingum úr textanum og hafa minna sjálfstraust í sumum tilvikum vegna þess að þeir kjósa síður að lesa skáldsögur.

Ein leið til þess að byggja upp sjálfstraust er eins og fyrr segir að sýna drengjum fram á að það sem þeir kjósa að lesa er góður og gildur lestur þrátt fyrir að vera ekki skáldsaga. Það kom fram hjá þeim Hébert og Pagnani (2010, bls. 37–39) að drengir vilja heldur lesa dagblöð, tímarit, vísindaskáldsögur og bækur í tengslum við áhugamál sín. Úrvinnsla þeirra á texta er

einnig með ólíkari hætti en hjá stúlkum en úrvinnsla sem snýr að samskiptum sögupersóna, líkindamáli, orðræðu, tilfinningum og þess háttar höfðar síður til drengja.

Það er mjög mikilvægt að vekja athygli á þessu því þegar unnið er með texta gefst nemendum færi á að ígrunda textann og leggja í hann meiri skilning. Það skiptir því miklu máli að nemendur eigi kost á að vinna með texta sem höfðar til þeirra. Það má reikna með því að þegar nemendur fást við texta sem höfðar illa til þeirra missi þeir áhugann, en áhugi er sá þáttur sem þarf að halda fast í og nýta sem drifkraft á verkefnavinnuna. Lestur tímarita, íþróttatengdir viðburðir eða annarskonar fræði- eða fréttatextar af prent- eða vefmiðlum geta vel nýst til úrvinnslu. Kennarar sem vinna markvisst að því að viðhalda áhuga og efla virkni í lestri og lestrartengdum verkefnum leita leiða og útbúa verkefni tengt úrvinnslu texta á fjölbreyttu lestrarefni. Það kom fram hjá þeim Martin Coles og Christine Hall (2002, bls. 96–106) að drengir hrífist af textum sem eru ríkir af upplýsingum og að úrvinnsla slíkra texta veiti þeim tækifæri til að bera saman upplýsingar sín á milli með sam- og rökræðum.

Slík vinna getur haft mjög jákvæð áhrif á félagslega þáttinn en það kom fram í skýrslu OECD (2010, bls. 13–14.) að drengir og stúlkur hafi í eðli sínu ekki mismikinn áhuga á lestri heldur megi tengja muninn félagslegum áhrifum og því sé hann að miklu leyti áunninn.

Af þessu þarf að taka mið og hafa félagsleg áhrif í huga við skipulag kennslu. Samvinnunám meðal nemenda gæti haft mikið að segja og kann að gera það að verkum að nemendur vekji áhuga hvers annars og verði samnemendum sínum góðar fyrirmyndir. Samvinnunám hefur þann eiginleika að það getur haft jákvæð áhrif á félagsleg samskipti, námsárangur og viðhorf. Það gæti því verið ákjósanleg leið til þess að efla félagsleg áhrif, áhuga og virkni. Foreldrar hafa einnig áhrif á félagslegan þátt lestrar, börnum þarf að skapa góðar fyrirmyndir í lestri en fyrirmyndir af sama kyni geta haft mjög jákvæð áhrif á námsárangur. Brozo (2006, 71) segir marga drengi skorta karlfyrirmynd í lestri og að taka þurfi mið af lestrarvenjum og viðhorfum drengja til lestrar í kennsluháttum.

## **7.7 Lestarfyrirmyndir**

Samband er á milli lestrarfærni og jákvæðrar upplifunar af lestri, bókakosts heimila og viðhorfs til lesturs. Þau börn sem fá mikla hvatningu heima meðal annars með upplestri og umræðum um lestrarefni eru líklegri til að vera virkir lesendur sjálf og njóta þess að lesa (Clark og Hawkins, 2010, bls. 5–6). Það hefur þó komið fram að mæður lesa meira með börnum sínum en feður auk þess sem þær lesa sjálfar meira en þeir. Tengja þarf saman þær upplýsingar sem liggja fyrir, það er að drengir sýna lestri minni áhuga en stúlkur, feður lesa minna en mæður og fyrirmyndir af sama kyni geta haft jákvæð áhrif á viðhorf, áhuga og

lestrarvenjur barna. Karlfyrirmyndir eru þar með nauðsynlegar ungum drengjum til þess að efla áhuga þeirra á lestri. Það væri því verðugt rannsóknarefni að ná til fullorðinna karlmannna og efla vitund og virkni þeirra samhliða því að hvetja unga drengi til aukins lesturs. Slík rannsókn gæti verið viðamikil en viðfangsefnið ærið því þegar stór hópur samfélagsins sýnir lestri lítinn áhuga er um samfélagslegt vandamál að ræða.

Foreldrar og umönnunaraðilar eru þeir sem bera ábyrgð á velferð barna sinna. Það er því afar mikilvægt að ná til þeirra og uppfræða um hlutverk sitt í lestraruppeldi barna sinna. Þó svo að ekki sé vakin sérstök athygli á því að pabbi sitji við eldhúsborðið og lesi blöðin eða að mamma lesi bók, þá eru það börnum mikilvæg skilaboð. Mamma og pabbi lesa, það er afþreying sem þau velja sér og hún veitir þeim ánægju. Það er ekki úr lausu lofti gripið að börn læra það sem fyrir þeim er haft. Það ættu foreldrar og umönnunaraðilar að hafa hugfast þegar kemur að lestrarvenjum þeirra sjálfra.

Lestrarfyrirmyndir barna þurfa að kappkosta að auka virkni barnanna í lestri og nýta styrkleika þeirra til þess. Styrkleiki hvers og eins getur legið í áhugahvöt, lesskilningi, viðhorfum og fleira. Mikilvægt er að virkja eiginleika hvers og eins, það sem þarf er að koma auga á þá og fá börnin til að sjá þá sjálf. Í kjölfarið ættu allir þeir sem koma að lestraruppeldi barna að hlúa að þörfum þeirra, löngunum, áhuga og ánægju. Það fellur í hlut fullorðinna að halda lesefni að börnum. Gott aðgengi að því umræður um það og sýnileg ánægja sem hlýst af lestrinum eru mikilvægir þættir í lestraruppeldinu og geta haft áhrif á ánægjulega upplifun barna af lestri.

## **7.8 Yndislestur**

Ávinningur yndislesturs í kennslu getur verið aukin virkni og áhugi á lestri auk þess veitir hann nemendum tækifæri til lesturs á eigin forsendum (Siah og Kwok, 2010, bls. 173). Yndislestur í kennslu getur jafnframt verið vettvangur kennara til að gera lestri hátt undir höfði og sýna fram á eigin áhuga á honum.

Þegar yndislestur er nýttur í kennslu þarf að setja upp markmið og leiðir til að fylgja þeim eftir. Janice Pilgreen (2000, bls. 8–18) bendir á leiðir til þess að ná fram árangursríkum yndislestri og segir höfuðmarkmiðið vera að hámarka ánægjuna sem af lestrinum hlýst. Meðal þess sem Pilgreen álitur mikilvægt er að nemendur velji sér efni út frá eigin vali sem vekur áhuga þeirra og að kennari hvetji nemendur m.a. með því að gefa kost á umræðum um lestrarefnið. Greint var frá yndislestraráætluninni *R5* sú áætlun miðast við að nemendur lesi við afslappaðar aðstæður, ígrundi og taki saman lesturinn, að lokum segja þeir samnemendum sínum frá því sem þeir lásu. Lögð var áhersla á að ná til þeirra sem eirðu sér ekki við lestur en

sú áætlun tókst þegar unnið var út frá hugmyndum R5 áætlunarinnar. Árangursríkast töldu rannsakendurnir hafa verið umræður nemenda á milli og eftirfylgni kennara en kennari skráði niður það sem lesið var og aðstoðaði við val á lestrarefni út frá áhuga nemenda ef þörf krafði (Kelly og Clausen-Grace, 2006, bls. 148–156).

Eins og áður þarf sérstaklega að huga að þeim nemendum sem eiga erfitt með að tileinka sér lestur. Kennarar verða að nýta reynslu sína og þekkingu til þess að hjálpa nemendum við að öðlast jákvæða upplifun af lestri. Auk áhugahvatar og sjálfræðis í vali á lestrarefni þarf að horfa á félagsleg áhrif sem tækifæri til aukinnar virkni í lestri og áhugavakningar. Þegar nemendur tala saman vekja þeir oft áhuga hvers annars með athyglisverðum frásögnum. Þann þátt gætu kennarar nýtt í auknum mæli með því að skapa aðstæður fyrir nemendur að segja frá lestrarefni sem vakið hefur áhuga þeirra. Það er liður í því að veita félagslegum áhrifum aukið vægi og nýta á jákvæðan hátt með markvissum yndislestri í kennslu.

Til að börn átti sig á því að lestur geti veitt þeim lífsfyllingu þarfnast þau stuðnings og hvatningar hinna fullorðnu. Það hefur áhrif á ánægjulega upplifun af lestri að þeim sé gert ljóst að lestur er ekki takmarkaður við ákveðið form lestrarefnis. Þegar þau fá frjáltsari hendur til þess að velja sér lestrarform og viðfangsefni gefst þeim aukið svigrúm til að nýta áhugahvöt sína sem drifkraft í lestri. Það eykur jákvætt viðhorf til lestrar að lesa um áhugamál sín og finna fyrir hvatningu frá foreldrum, kennurum og vinum. Foreldrar, kennarar og aðrir sem koma að uppeldi barna eru þeim lestrarfyrirmyndir. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera börnum lestrarfyrirmyndir og kallar á vitundarvakningu meðal þeirra sem koma að uppeldinu.

Öflugustu leiðirnar til þess að efla lestraránægju eru að veita áhugahvöt aukið vægi í lestri barna, taka mið af óskum þeirra um lestrarform og veita þeim tækifæri til að ræða um lestrarefnið. Aukinn áhugi á lestri ýtir undir aukinn lestur og með því móti eflist lestrarleiknin en hún er börnum dýrmætt veganesti til þátttöku í samfélaginu.

## 8 Heimildir

- Almar M. Halldórsson. (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Reykjavík: Námsmatstofnun.
- Almar M. Halldórsson. (2012). *Kynjamunur í grunnskólum Garðabæjar samkvæmt PISA 2009, samræmdum prófum og skólapúlsinum*. Reykjavík: Námsmatstofnun.
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans: Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Rit 3. 2010. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7–26.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 60–76.
- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum*. Sótt 13. október 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/4977>
- Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010) *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Höfundur.
- Brozo, W. G. (2006). Bridges to literacy for boys, boys passions, hobbies, aspirations, and axperiences can spark meaningful literacy development. *Educational leadership*, 64, 71–74. Sótt 3. október af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=21580bc0-ddd3-488e-8986-7eb9b89445e1%40sessionmgr115&vid=6&hid=108>
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). Bókaormafraeði, um barnabókmenntir í grunnskólum. *Skíma*, 2, 38–42.

- Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*: 40–50.
- Cecil, N. L. (2007). *Striking a balance: Best practices for early literacy* (3. útgáfa) Scottsdale, AZ: Holcomb Hathaway.
- Clark, C. (2009). *Why fathers matter on their children's literacy*. London: National Literacy Trust. Sótt 13. september af [http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/0770/Father\\_review\\_2009.pdf](http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/0770/Father_review_2009.pdf)
- Clark, C. og Hawkins, L. (2010). Young people's reading: The importance of the home environment and family support. *National Literacy Trust*. Sótt 2. nóvember 2012 af [http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/4954/Young\\_People\\_s\\_Reading\\_2010.pdf](http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/4954/Young_People_s_Reading_2010.pdf)
- Coles, M. og Hall, C. (2002). Gendered readings: learning from children's reading choices. *Journal of Research in Reading*, 25, 96–108. Sótt 2. október af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=64c8d623-913a-4f37-be92-e5239552cedf%40sessionmgr115&vid=5&hid=108>
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2009). Rýnt í skýrsluna: Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir* 6, 149–153.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2010). Molar. *Skíma* 33 (2), 8–11.
- Guthrie, J. T. (2011). Best practices in motivating students to read. Í L. M. Morrow og L. B. Gambrell (ritstj.), *Best practices in literacy instruction* (4. útg., bls. 177–198). New York: The Guilford Press.
- Harvey, S. og Goudvis, A. (2007). *Strategies that work: Teaching comprehension for understanding and engagement*. Portland, ME: Stenhouse Publishers.
- Hébert, T. P. og Pagnani, A. R. (2010). Engaging gifted boys in new literacies. *Prufrock Press Inc*, 33, 36–45. Sótt 2. október af <http://www.eric.ed.gov/PDFS/EJ893805.pdf>
- Hughes–Hassell, S. og Rodge, P. (2007). The leisure reading habits of urban adolescents. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 51, 22–33. doi:10.1598/JAAL.51.1.3



- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2011). *Fágæti og furðuverk lestrarhvetjandi verkefni*. Sótt 13. október 2012 af [http://www.rha.is/static/files/skolathroun\\_lokaskyrsla\\_n0121.pdf](http://www.rha.is/static/files/skolathroun_lokaskyrsla_n0121.pdf)
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (í útgáfu). Fágæti og furðuverk: Lestarahvetjandi verkefni. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáferðanna. Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: Æskan.
- Kelley, M. og Clausen-Grace, N. (2006). R5: The Sustained Silent Reading makeover that transformed readers. *Reading Teacher*, 60, 148–156. DOI: 10.1598/RT.60.2.5
- Krashen, S. D. (2004). *The power of reading: Insights from the research*. Portsmouth, NH: Heineman.
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (ritstjóri). (2012). *Learning and teaching children 's literature in Europe – final report*. Sótt 19. september 2012 af <http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/lokaskyrsla%20LTCL.PDF>
- Linnakyla, P. og Malin, A. (2004). Factors behind low reading literacy achievement. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 48, 232–249. doi: 10.1080/00313830410001695718
- Magnús Helgason. (1934). *Skólaræður og önnur erindi*. Reykjavík: Kennarasamband Íslands.
- Marzano, R. J. (2004). *Building background knowledge for academic achievement: Research on what works in schools*. Alexandria, VA: ASCD.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla–almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla*. Sótt 19. September 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/vefrit/20120308/nr/7024>

- Morgan, P. L. og Fuchs, D. (2007). Is there a bidirectional relationship between children's reading skills and reading motivation? *Exceptional Children*, 73, 165–183. Sótt 17. október 2012 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=924b6485-fa49-45ad-bc6a-83ba1e53e239%40sessionmgr104&vid=5&hid=107>
- Mörður Árnason. (Ritstjóri). (2002). *Íslensk orðabók* (3. útgáfa). Reykjavík: Edda
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.
- National Reading Panel (NRP). (2000). *Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development
- OECD. (2010). *PISA 2009 Results: Learning to learn – Student engagement, strategies and practices* (Volume III). Sótt 14. nóvember 2012 af [http://www.oecd-ilibrary.org/education/pisa-2009-results-learning-to-learn\\_9789264083943-en](http://www.oecd-ilibrary.org/education/pisa-2009-results-learning-to-learn_9789264083943-en)
- Pilgreen, J. L. (2000). *The ssr handbook: How to organize and manage a sustained silent reading program*. Portsmouth, NH: Heineman.
- Rief, S. F. og Heimburge, J. A. (2007). *How to reach and teach all children through balanced literacy: User-friendly strategies, tools, activities, and ready-to-use materials*. San Francisco: John Wiley & Sons.
- Rósa Eggertsdóttir. (1998). *Fluglæsi: Áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu*. Akureyri: Skólajónusta Eyjafings.
- Ryan, R. M. og Deci, E.L. (2000). Intrinsic and extrinsic motivations: Classic definitions and new directions. *Contemporary Educational Psychology*, 25, 54–67.  
doi:10.1006/ceps.1999.1020
- Siah, Poh-Chua og Kwok, Wai-Ling. (2010). The value of reading and the effectiveness of sustained silent reading. *The ClearingHouse*, 83, 168–174. doi: 10.1080/00098650903505340

Strommen, L. T. og Mates, B. (2004). Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 48, 188–200.  
doi:10.1598/JAAL.48.3.1































Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson, Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags og mannvísindadeild* (bls. 253-262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.

Þóra Kristinsdóttir. (2000). Að lesa ... list er góð. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar greinasafn um lestur og læsi* (bls. 185–198). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

## 9 Fylgiskjal 1

### 9.1 Viðhorfskönnun

Nemendur gera hring utan um viðeigandi svarmöguleika sem er lýsandi fyrir líðan þeirra.

Hvernig líður þér þegar þú lest?	  
Hvernig líkar þér að lesa í frítíma þínum?	  
Hvernig finnst þér að fara á bókasafnið?	  
Hvernig finnst þér að lesa upphátt fyrir aðra?	  
Hvernig líður þér þegar aðrir lesa fyrir þig?	  
Hvernig finnst þér að lesa áður en þú ferð að sofa?	  
Hvernig finnst þér að segja frá því sem þú lest?	  
Hvernig finnst þér að tala við bekkjarfélaga þína um það sem þú hefur lesið?	  
Hvernig finnst þér að finna bækur á bókasafninu sem þú vilt lesa?	  
Finnst þér þú skilja það sem þú lest?	  

Hverjir eru kostir þess að lesa?

---

---

---

Hverjir eru gallar þessar að lesa?

---

---

---

## 10 Fylgiskjal 2

### 10.1 Áhugasviðskönnun

1. Hversu margir búa á heimili þínu og hverjir eru það?
2. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frítíma þínum?
3. Hver er uppáhaldssjónvarpsþátturinn þinn?
4. Átt þú þér uppáhalds leikara eða leikkonu? Hver er hann/hún?
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ferð í tölvuna?
6. Hversu oft ferð þú í tölvuna? Á hverjum degi, annan hvorn dag, tvisvar í viku, einu sinni í viku eða sjaldnar eða aldrei.
7. Átt þú uppáhalds tölvuleik? Hvaða tölvuleikur er það?
8. Hvernig tónlist finnst þér skemmtileg?
9. Átt þú uppáhalds söngkonu/söngvara/hljómsveit? Hver er hann/hún?
10. Átt þú gæludýr? Hvernig dýr er það?
11. Hvernig gæludýr þætti þér skemmtilegt að eiga?
12. Hvað langar þig til að verða þegar þú verður eldri?
13. Hvað dreymir þig um að upplifa?
14. Átt þú þér uppáhalds íþrótt ? Hver er hún?
15. Stundar þú einhverja íþrótt? Hvaða íþrótt?
16. Finnst þér gaman að lesa?
17. Hvað finnst þér skemmtilegast að lesa. Merktu við eins mörg atriði og við eiga.  
Fréttir í fréttablöðum, spennubækur, ævintýrabækur, tímarit, teiknimyndasögur, myndar bækur, fræðibækur, íþróttabækur, fréttir líðandi stundar á netinu, fréttir tengdar íþróttum, fréttir tengdar tónlist, fréttir tengdar kvikmyndum, annað ?
18. Hvar lest þú oftast ? Í bókum, á netinu, í tímaritum eða annað?
19. Lest þú áður en þú sofnar á kvöldin?
20. Af hverju þurfum við að geta lesið?
21. Er til mikið af bókum sem þig langar til að lesa heima hjá þér?
22. Ferðu á bókasafn?
23. Hvernig finnst þér þegar kennari les fyrir bekkinn?
24. Hvernig sögur finnst þér skemmtilegt að hlusta á?
25. Hver er skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?
26. Áttu þér uppáhalds rithöfund, ef svo er hver er það?

27. Skilur þú vel, illa eða misjafnlega þær bækur sem þú lest?
28. Hvernig finnst þér best að koma þér fyrir á meðan þú lest?
29. Hvaða bók værir þú til í að eignast?
30. Klárar þú bækur sem þú byrjar á, alltaf, oftast, stundum, sjaldan, aldrei.
31. Hvernig finnst þér best að vinna, í hóp, tveir saman, ein/n, eða alveg sama.
32. Hverjir lesa mest á heimilinu? en minnst?
33. Talar þú við foreldra þína um bækur?
34. Er lesið fyrir þig heima?
35. Hvernig finnst þér þegar mamma eða pabbi lesa fyrir þig?
36. Af hverju ákvaðst þú að lesa bókina sem þú last síðast? Vinur eða vinkona benti mér á hana, mamma sagði mér frá henni, pabbi sagði mér frá henni, kennarinn sagði mér frá henni, ef annar þá hver?, ég sá hana auglýsta, fann hana á bókasafninu, ef annað þá hvað ?
37. Ef þú gæfir út bók, um hvað myndi hún fjalla?

Hér að neðan er bent á leiðir til þess að greina og vinna úr mögulegum niðurstöðum áhugasviðskönnunarinnar, það er til þess að sýna fram á notagildi könnunarinnar.

### **Greining**

Ef nemandi svarar spurningu númer 16, 25 og 26 á þann hátt að honum finnist ekki gaman að lesa og eigi hvorki uppáhalds bók né höfund er mikilvægt að horfa á spurningu númer 27 sem gefur til kynna hvort lesskilningur standi í veginum fyrir ánægjulegri lestrarupplifun hans. Ef svar við spurningu númer 27 gefur til kynna að nemandanum finnist hann ekki skilja nægilega vel það sem hann les þarf að vinna sérstaklega með lesskilning. Fyrst þarf að átta sig á hvort erfiðleikarnir leynist í tæknilegri hlið lesturs eða skorti á þekkingu og orðaforða. Spurning númer 23 er skoðuð til að komast að því hvort hann njóti þess að lesið sé fyrir hann. Hún gæti gefið vísbendingu um hvort erfiðleikana megi rekja til skorts á orðaforða eða málskilnings. Næst skal litið til svars nemandans við spurningu 32–35 sem snýr að lestrarvenjum á heimilinu. Til eru margar lesskilningsaðferðir en til þess að átta sig á þörfum og löngun nemandans þarf að horfa meðal annars til spurningar númer 31 sem segir til um hvort hann kjósi að vinna einn eða í hópi. Ásamt því þarf að skoða hvaða gerð lestrarefnis nemandinn velur sér og fara vel yfir áhugamál hans. Mikilvægt er að skoða svör við viðhorfskönnuninni en hún getur sýnt fram á líðan sem mikilvægt er að bregðast við.

Dæmi um niðurstöður: *nemandi á sér hvorki uppáhalds bók né höfund, finnst ekki gaman að lesa og skilur ekki nægilega vel það sem hann les. Hann kys að vinna með öðrum og lítið er um lestur á heimilinu.*

### **Leiðir**

Ef nemandi með slakan lesskilning og vill helst vinna með öðrum væri samvinnunám eitt af þeim lesskilningsaðferðum sem hægt væri að nýta. Samvinnunámið gæti meðal annars falist í *bókaklúbbi* þar sem nemendur með sambærileg áhugamál væru saman í þriggja til fjögurra manna hópi. Líklegt er að líðan gagnvart lestri sé ekki nægilega góð ef um erfiðleika í lesskilningi er að ræða. Kennari þarf við slíkar aðstæður að leggja ríka áherslu á áhugasvið nemandans, hvetja hann til lesturs á því sem veitir honum ánægju og tengja við reynslu sem áhugasviðskönnunin veitir nokkra innsýn í. Því reynsla nemenda hefur meðal annars áhrif á innlifun nemenda á viðfangsefninu og er mikilvægur þáttur þess að skilningur náist (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006, bls. 39).

Í bókaklúbbum geta nemendurnir dregið lærdóm hver af öðrum og aukið enn frekar við áhuga hvers annars á viðfangsefninu. Hópurinn gæti samanstaðið af nemendum sem kjósa að lesa teiknimyndasögur en gott væri ef einhver í hópnum ætti gott með lestur. Það getur verið hvetjandi fyrir þá sem eru styttra komnir í lestrarferlinu og þeir lengra komnu eru þeim jákvæð fyrirmynd. Þegar kennari kynnir verkefnið fyrir nemendum virkjar hann nemendur til þess að safna saman teiknimyndasögum sem þeir hafa huga á að lesa og kynna fyrir hver öðrum. Mikilvægt er að kennari fylgist með hvernig nemendurnir vinna saman því það skiptir miklu máli að þeir hafi hvetjandi áhrif hver á annan. Einn af kostum þess að nýta samvinnunám hjá þeim sem hafa slakan lesskilning er að það getur aukið sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda.

### **Greining**

Nemandi svarar spurningu númer 30 á þá leið að hann ljúki stundum sjaldan eða aldrei bók sem hann byrjar á. Kennari athugar svar við spurningu 27 sem segir til um upplifun nemanda af lesskilningi sínum. Einnig er gott að skoða hvernig spurningu númer 17 er svarað, með því getur kennari áttað sig á því hvernig lestrarefni nemandinn kys helst að lesa. Kennari lítur til svara um lestrarfyrirmyndir og uppáhalds bók. Dæmi um niðurstöðu: *nemandinn skilur það sem hann les, líkur sjaldan við bók og ræðir ekki við foreldra sína um bækur.*

### ***Leiðir***

Kennari sýnir nemandanum fram á fjölbreytileika lesefnis, tekur mið af óskum hans um lestrarefni og tengir það við áhuga hans. Ef nemandinn hefur til dæmis áhuga á geimvísindum gæti tímaritið *Lifandi vísindi* hentað eða aðrar fræðibækur með stuttum köflum eða greinum. Mikilvægt er að nemandinn finni fyrir hvatningu kennara í tengslum við val hans á lestrarefni og fái hrós fyrir að sýna lestrinum áhuga, ef stofna á bókaklúbb gæti komið sér vel fyrir þann nemanda að vera með nemendum sem hafa svipuð áhugamál. Sá bókaklúbbur gæti einkennst af upplýsingaleit í tímaritum og bókum. Þannig gætu nemendur rætt saman um áhugamál sitt og bætt við sig þekkingu á viðfangsefninu. Með þessu geta nemendurnir hvatt hvern annan til aukinnar lestrariðkunar á sameiginlegu áhugamáli þeirra. Kennari hvetur nemandann til þess að tala um geimvísindi við foreldra sína, ef nemandinn er drengur er hann hvattur til að ræða við föður sinn? Kennari setur sig í samband við foreldra og bendir þeim á lestrarefni tengt geimvísindum. Foreldrar eru hvattir til að tala um viðfangsefnið við barnið og lesa sjálf í tengslum við það.

### **Greining**

Kennari kemur auga á að margir nemendur eigi það sameiginlegt að eiga engan uppáhalds rithöfund.

### ***Leiðir***

Kennari kynnir með markvissum hætti fyrir nemendum verk ákveðinna rithöfunda. Góð leið til þess að vekja áhuga á rithöfundum er að fá í heimsókn í skólann rithöfund sem nemendur eða kennarinn hafa lesið bók eftir, er vinsæll eða er með nýútgefna bók. Hann segir frá bókum sínum, talar um lífið, tilveruna og lestur. Með þessu er hægt að byggja upp forvitni og löngun meðal nemenda til að lesa bækur eftir höfundinn sem þau hafa kynnst. Samhliða slíkri vinnu er kjörið að nýta skólabókasafnið, ef bókakostur er ekki nægur þar er tilvalið að leita til annars bókasafns í grenndinni. Með því er nemendum sýnt fram á auðvelda og góða leið til þess að nálgast bækur. Kennari þarf að fylgja eftir umfjöllunum og kynningum á rithöfundum með lestri bóka eftir hann og vekja athygli nemenda á nýjum verkum sem hann gefur út.

### **Greining**

Stór hluti nemenda getur ekki nefnt uppáhalds bók eða rithöfund. Kennari skoðar spurningu númer 24 sem gefur til kynna hvernig nemendum líkar að kennari lesi fyrir bekkinn. Hann hefur þó í huga að það muni ekki breyta því að hann ætli að lesa fyrir bekkinn, heldur gefur



Það honum hugmynd um viðhorf nemendanna og hvernig að lestrinum skuli staðið. Spurning númer 25 er hjálpleg kennara við val á bók því svörin varpa ljósi á hvernig bækur nemendur kjósa að hlusta á. Dæmi um niðurstöðu: *hópur nemenda sem á ekki uppáhalds bók né höfund, sumum þykir fínt að lesið sé fyrir bekkinn en aðrir segjast vera sama.*

### **Leiðir**

Kennari ætlar með markvissum hætti að draga athygli nemenda að bókum og rithöfundum. Hann ætlar sér að kynna rithöfunda og verk þeirra með því að lesa uppúr bók fyrir bekkinn. Val kennarans á bók miðist við áhuga flestra og ætla má að lestur um persónur sem eru á svipuðum aldri og þau sjálf geri það einnig. Áhugi kann að kvikna hjá einhverjum nemendum sem gætu jafnvel hugsað sér að lesa sjálf bækur eftir sama höfund eða bækur af svipuðum toga. Þekking kennara á barna- og unglingabókum er mjög mikilvæg og nýtist vel til þess að opna augu nemenda fyrir góðum bókmenntum.

Flestir sem hlustað hafa á upplestur vita að hann getur verið afar misjafn og lesandinn nær með misgóðum árangri að fanga athygli hlustenda. Leiða má líkur að því að áhugasamur kennari sem beitir röddinni á blæbrigðaríkan hátt sýnir í verki hversu gaman hann hefur af lestrinum og nær þar af leiðandi betur til nemenda. Áhugasemi kennarans gæti smitað út frá sér og vakið áhuga nemenda á lestri.

Barna- og unglingabækur geta nýst í kennslu á fjölbreyttan hátt. Tilgangurinn getur verið misjafn en í grunninn er hann sá að vekja áhuga og athygli nemenda á bókmenntum og lestri. Viðfangsefnið getur tengst landafræði, sögu, þemaverkefni, áhugasemi nemenda, tilfinningum, samfélagslegum málefnum, einelti, samkennd, umhyggju, hjálpsemi, afrekum, fordómum, málefnum líðandi stundar og mörgu fleira. Kennarinn getur því nýtt bókmenntir á fjölbreyttan hátt til þess að mæta þörfum nemenda hverju sinni. En ávalt skal hafa í huga nauðsyn þess að velja barnabækur sem höfða til nemendanna. Barna- og unglingabækur í kennslu efla einnig mikilvæga þætti í lestrarferlinu eins og orðaforða, setningagerð, uppbyggingu frásagna og auka við forþekkingu nemenda. Ásamt þeim þáttum veitir upplesturinn nemendum sýn á skemmtanagildi, yndi og þann ánægjulega þátt lestrar að hverfa inn í hugarheim sögunnar. Það er því ljóst að upplestur úr góðri og vel skrifaðri bók á ávallt erindi við börn og unglina.

### **Greining**

Nemendur svara spurningu 29 á þá leið að þeir viti ekki hvaða bók þá langar til að eignast og fara lítið á bókasafn. Kennari skoðar meðal annars spurningu númer 34 til þess að átta sig á hvort og hver benti þeim á að velja bókina sem þeir lásu síðast. Dæmi um niðurstöðu: *margir*

*nemendur geta ekki bent á bók sem þá langar í, fara lítið á bókasafn og þeir ákváðu að lesa bók af því vinur þeirra var að lesa svipaða bók.*

### **Leiðir**

Kennari nýtir markvisst umræður um bækur í kennslunni og festir í stundaskrá kennslustund sem ber yfirskriftina *bókafregnir*. Aðstæður sem veita nemendum tækifæri til að ræða um bækur geta eflt enn frekar áhuga þeirra sem njóta þess að lesa. Þeir nemendur geta með frásögnum sínum um áhugaverðar bækur skapað jákvæða lestrarfyrirmynd fyrir samnemendur sína. Nemendur segja frá sínu lestrarefni, sýna bókina, segja frá kvikmynd sem byggir á bókinni, höfundinum, sérstökum atburðum, persónum eða hverju því sem nemendur telja merkilegt. Umræðan getur tekið á sig ótal myndir og ýtt undir forvitni meðal samnemenda til að kynna sér bækur eftir sama höfund, bækur um svipað efni, bækur í sama bókaflökki og fleira. Mikilvægt er að kennari sé þátttakandi í umræðum og segi einnig frá skemmtilegum bókum sem hann hefur lesið. Fylgjast þarf sérstaklega með þátttöku þeirra nemenda sem segjast ekki hafa gaman af lestri, hrósa þeim og hvetja. Þegar umræða um bækur er fastur liður í dagsskipulaginu þarf kennari að huga að umhverfi skólastofunnar. Nemendurnir nýta bókasafn lítið en mikilvægt er að þau hafi gott aðgengi að bókum. Kennari og nemendur taka því höndum saman um að koma á bókasafni í skólastofunni. Nemendur verða hvattir til að skiptast á bókum sín á milli en það getur tengst umræðunum og kynningum nemenda á áhugasviðum bókum. Þegar bókum er safnað í skólastofuna er mikilvægt að höfða til áhugasviðs sem flestra og flokka bækurnar eftir viðfangsefni. Í tengslum við *bókasafn skólastofunnar* og *bókafregnir* er yndislestur hluti af dagsskipulagi bekkjarins. Nemendur lesa tvisvar í viku í 20–30 mínútur í senn. Kennari stuðlar að notalegu umhverfi skólastofunnar og nemendur hafa val um stað til að koma sér fyrir. Til þess að átta sig á þörfum nemenda lítur kennari til áhugasviðskönnunarinnar þar sem nemendur sögðu frá því hvernig þeim þætti best að koma sér fyrir á meðan lesið er. Kennari virkjar nemendur til þess að skapa þær aðstæður sem þeir kjósa við lesturinn. Ef nemendur óska eftir púðum, teppum, dýnum og fleira leitast kennari við að koma til móts við þá og leitar lausna til þess að uppfylla óskir nemenda. Nemendur gætu komið með þessa hluti að heiman og geymt í skólanum ef aðstæður leyfa.

### **Greining**

Nemandi svarar spurningu númer 21 á þá leið að ekki séu til bækur á heimilinu sem hann langar að lesa. Svarar spurningu númer 16 þannig að honum þyki gaman að lesa og spurningu 22 þannig að hann nýti ekki bókasöfn.

### **Leiðir**

Kennari hvetur nemandann til þess að fá lánaðar bækur á bókasöfnum og á skólabókasafninu. Hann ýtir undir samskipti milli hans og annarra sem mikið lesa. Það myndi nýtast þessum nemanda vel að vera í bókaklúbbi með öðrum sem hafa gaman að lestri og lesa mikið. Með því eflist þýðingarmikill styrkleiki nemandans sem er að þykja gaman að lesa. Þegar þeir sem lítið lesa sjá samnemendur og vini lesa getur löngun þeirra á lestri aukist, því eru þeir sem hafa áhuga á lestri mikilvægir þeim sem lesa lítið. Það á sérstaklega við ef þeir sjá vini sína lesa í tengslum við áhugamál sem þeir deila.

### **Greining**

Þegar kennari kemur auga á að nemandi virðist áhugasamur í svörum í sambandi við tölvunotkun, uppáhalds tölvuleiki og eyðir miklum tíma í tölvur í spurningum númer 5–7 þarf að bregðast við því. Skoða þarf svör við spurningunni um lesskilning. Ef lesskilningur er fyrir hendi en viðkomandi svarar á þá leið að eiga ekki uppáhaldsbók né finnist gaman að lesa er horft til gerð lestrarefnis. Öðrum áhugamálum en tölvunotkun er veitt athygli líkt og uppáhalds íþrótt eða uppáhalds sjónvarpsþætti. Spurning númer 13 þar sem spurt er um hvað viðkomandi dreymi um að upplifa getur verið hjálpleg. Ef viðkomandi er drengur er mikilvægt að hafa í huga að lestur drengja einkennist af upplýsingaleit í texta. Í því sambandi væri gott að horfa til spurningar númer 30 sem segir til um hvort nemandinn klári bækur sem hann byrjar á.

Niðurstaðan gæti verið að *nemandi hefur áhuga á tölvum og eyðir miklum tíma í þær. Hann skilur það sem hann les og les helst á veraldarvefnum. Hann lýkur aldrei við bók sem hann byrjar á og dreymir um að fara á leik Liverpool og Manchester United í ensku deildinni*

### **Leiðir**

Mikilvægt er að kennari nýti styrkleika nemandans til þess að ná fram virkni í lestri. Styrkleikar hans felast í lesskilningi og áhugahvöt. Til að byrja með getur kennari fengið nemandann til þess að tileinka sér lestur á efni í tengslum við fótbolta á vefnum. Kennari er nemandanum innan handar og bendir á vefsíður sem tengjast fótbolta. Dæmi um íslenskar vefsíður eru:

<http://fotbolti.net/> Fréttasíða um fótbolta

<http://kop.is/> Liverpool bloggíð

<http://www.raududjoflarnir.is/> Stuðningsmannasíða Manchester United

Á heimasíðunum getur nemandinn aflað sér upplýsinga um fótbolta því hann kys lestur á vefnum og langar að fara á fótboltaleik í ensku deildinni. Það er mjög mikilvægt að fylgja löngunum nemandans til þessa að efla virkni í lestri. Lestur sem þessi einkennist af upplýsingum og textinn er oftast stuttur. Kennari getur einnig ýtt undir úrvinnslu nemandans úr textanum. Sem dæmi með áhugasviðsverkefni sem byggir á því að nemendur útbúi veggspjald í tengslum við áhugasvið sitt. Þar gæti hann lagt áherslu á uppáhalds fótboltalið sitt, atburði í tengslum við liðið eða liðsmenn. Með því að vinna úr textanum og taka saman aðalatriði eykur nemandinn við lesskilning sinn. Hvatning kennarans er nemandanum mikilvæg og sýnilegur áhugi kennarans á því sem nemandinn les hefur jákvæð áhrif. Með því fær nemandinn viðurkenningu á því lestrarefni sem hann velur sér, og áttar sig á að lestur er ekki eingöngu bundinn við bækur. Ef nemandinn tileiknar sér lestur sem þennan viðhelst lestrarleikni hans sem er afar mikilvægt. Því má ætla að líkurnar aukist á því að hann muni síðar geta tekið sér bók í hönd og notið lestursins. Ef nemandi virðist áhugasamur í lestrinum um fótbolta getur kennari bent á bækur í tengslum við hann, en fótboltamenn hafa verið iðnir við að gefa út bækur um feril sinni í boltanum.

### **Greining**

Þegar drengir sem sýna bókum lítinn áhuga samkvæmt áhugasviðskönnuninni og erfitt er að virkja til lesturs, þarf kennari að ganga úr skugga um hvernig þeir upplifa lesskilning sinn. Ásamt því að skoða viðhorfskönnunina sérstaklega hvað það er sem þeir telja galla lesturs og athuga svör við kostum. Svörun við áhugamálum eru bornar saman við lestrarvenjur. Einnig er mikilvægt að skoða spurningu númer 20 þar er spurt af hverju við þurfum að geta lesið? Dæmi um niðurstöðu: *drengir sem eiga erfitt með að tengjast lestri, sumir skilja það sem þeir lesa aðrir ekki eins vel.*

### **Leiðir**

Sérstaklega er horft til drengja í þessu tilfelli því lestrarfyrirmyndir af sama kyni hafa áhrif á lestrarvenjur barna. Horft verður á myndband sem sýnir viðtal við Jón Gnarr borgarstjóra og Hjörvar Hafliðason fjölmiðlamann og fyrrverandi fótboltamann. Slóðin er þessi :

<http://www.youtube.com/watch?v=DqsKBEIzpx0&feature=BFa&list=UUwjBuXHtr3YYOXpjmYc6Oug&lf=plcp>

Viðtölin voru tekin í tilefni af Bókasafnsdeginum 2012. Spurningarnar sem þeir svara eru meðal annars þessar: finnst þér gaman að lesa? Hvers vegna finnst þér gaman að lesa? Lestu eina tegund af bókum frekar en aðra? Áttu þér einhverja uppáhaldsbók? Áttu uppáhalds sögupersónu? Hefur þú einhvern tímann lesið leiðinlega bók? Í viðtalinu við Jón Gnarr talar

hann um áhugasviðið og að fara inn í hugarheim bóka. Hann segir frá lestrarvenjum sínum, nokkrum bókum sem hann hefur lesið og talar um raðbækur. Hann segir frá bók sem hann hefur oft lesið og hefur fylgt honum frá unglingsárum.

Þegar nemendur horfa á þetta, sjá þeir þekktan mann sem finnst skemmtilegt að lesa. Myndbandið gæti vakið áhuga drengja því Jón Gnarr er þekkt persóna í kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum og sem borgarstjóri.

Á eftir viðtalinu við Jón Gnarr er viðtal við Hjörvar Haflíðason sem þekktur er fyrir fótboltaíðkun og sjónvarpsþætti um fótbolta. Því kann viðtalið að höfða til ungra drengja sem deila sama áhugamáli og hann. Í viðtalinu kemur fram að hann gæti líklega lesið meira en hann gerir og segir frá lestrarefni sem höfðar best til hans. Hann segist lesa nær eingöngu ævisögur, yfirleitt um gamla íþróttamenn. Hann segist ekki ná tengslum við ævintýrabækur en hann hafi reynt. Hann kýs helst að lesa um menn sem hafa gert eitthvað sem honum finnst spennandi. Sem barn og unglingur las hann Bert og segir frá uppáhalds bók sinni sem er um fótboltamann úr enska landsliðinu.

Þegar nemendurnir horfa á myndbandið um Hjörvar gætu ef til vill einhverjir þekkt af eigin raun það sem hann fjallar um, auk þess sem hann minnst á bókina Bert sem enn er gefin út og er vinsæl meðal drengja í dag. Í viðtalinu heyra drengirnir að Hjörvar les það sem hann langar til að lesa og finnst skemmtilegt. Viðhorf hans gæti haft jákvæð áhrif á drengi sem lesa lítið þrátt fyrir að geta það. Mikilvægt er fyrir kennara að ræða sérstaklega um það við drengina að þeir hafi frjálsar hendur þegar kemur að vali á lestrarefni. Bendi þeim á að yndislestur snýst um lestur á því sem hverjum og einum þykir skemmtilegt. Hann hvetur nemendur til þess að fylgja eigin löngunum þegar kemur að vali á lestrarefni. Í tengslum við viðtölin ræðir kennari við drengina um skoðanir þeirra og hugrenningar. Hvað kom þeim á óvart? Eiga þeir eitthvað sameiginlegt með lestrarvenjum Jóns og Hjörvars? Kennari ber upp spurningar ef þarf en leyfir drengjunum að leiða umræðuna og spyr í takt við þær.

Greint er frá verkefni sem nemendur vinna í kjölfar viðtalanna. Verkefnið felst í viðtölum sem nemendur taka sjálfir við fólk sem þeir líta upp til. Nemendum er skipt upp í fjögurra manna hópa eftir áhugasviði. Sem dæmi gætu fjórir drengir heimsótt meistaraflokk karla í handbolta, það er ef áhuginn liggur þar og tekið viðtöl. Nemendur útbúa sjálfir spurningalistann sem innihalda á minnst fimm spurningar. Með viðtalinu eiga nemendur að komast að lestrarvenjum viðmælenda og upplýsingum um uppáhalds bækur þegar þeir voru yngri. Viðtölin gætu verið unnin í tengslum við miðlun og þau tekin upp á myndband. Í úrvinnslu viðtalanna kynna nemendur sér þær bækur sem viðmælendur nefndu sem uppáhalds bækur. Nemendur nálgast bækurnar á skólabókasafni, öðru bókasafni eða heima hjá sér.

Kennari er þeim innan handar og aðstoðar eftir þörfum. Þeir kynna sér bókina eða lesa hana, ekki verða sett skilyrði varðandi það því verkefnið á að efla áhuga á lestri og ekki er víst að bókinn höfði til þeirra. Nemendur hafa frjálssar hendur þegar kynna á verkefnið en nemendur sýna bækurnar með verkefninu og segja frá. Kynningin gæti falist í því að sýna myndbandið, segja frá því sem fram kom, útbúa veggspjald, sýna myndir og fleira sem nemendur kunna að finna upp á. Markmið þessa verkefnis er að sýna nemendum fram á að lestur er eðlilegur og ánægjulegur hluti daglegs lífs lang flestra.

Góð leið væri jafnframt að fá einstaklinga úr samfélaginu hvort sem þeir eru þekktir eða ekki til þess að koma í bekkinn og segja frá upphalds bók sinni. Kennari gæti einnig nýtt sér jákvætt viðhorf einhvers af þeim sem nemendur tóku viðtal við og fengið viðkomandi til að heimsækja bekkinn.